Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Vísað er til málsméðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjala laga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlagar nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eigenda Höfða í Jökulfjörðum, L188872

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Eigendur jarðarinnar eru:

1. Guðmundur Kr. Eydal, kt. 160356-7669
2. Halldór Páll Kr. Eydal, kt. 270962-4679

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfuggerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettera punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr Flæðarhóli (1) í efsta fossinn í Fossdalsá (2) þaðan eftir vatnaskilum móti Dynjanda að hornmarki milli jarðanna á vatnaskilum við Snæfjallaströnd (3). Þaðan eftir vatnaskilum að upptökum Deildarár (4) og þaðan eftir ánni til sjávar (5)

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Höfði er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Þórólfs fasthalda, sem nam land frá Sandeyrará til Gýgjarsporsá, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Höfða er getið í próventusamningi frá árinu 1416.

Þjóðlendukröfur eru m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Sauðhyrnu og Hádegishnúk auk heiðarlandsins syðst í landi jarðarinnar, en samt er skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins (bls. 171) kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin er ólikur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telur að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd t.a.m. í málinu nr. 3-4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrim“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrun. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrim sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, frædimanns hjá Ordabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dænum í sedlasafni Ordabókar Háskólans megi ráða að fjallsbrim geti hædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hest ber, séður af tilteknum stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla og hefur því sætt sig við.

Svo háttaði í máli nr. 3-4/2004, að skammt var á milli byggða þótt fjallið skildi á milli auk þess sem sum landamerkjabréf lýsa merkjum nánar en eingöngu með tilvisun í fjallsbrún. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar ná landamerki hennar á fjall upp og það sama á við um jarðir á Snæfjallaströnd handan heiðarinnar.

Í fyrrgreindum úrskurði Óbyggðanefndar auk annarra úrskurða t.d. í máli nr. 2/2005, bls. 120 voru sliðar sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs túlkaðar þannig að jarðir lægu þar saman:

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vistað til er landamerkjum milli jarða oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er vistað til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjardar. ... Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjardarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjardarhreppi og í Jökulsárhlið liggi saman í Smjörfjöllum.

Íslenska ríkið ákvað að una þessum úrskurði.

Landeigandi telur því að aðstæður allar í málum nr. 3-4/2004 og 2/2005 séu öldungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi eru í því máli sem hér er til úrlausnar og á bágt með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum Óbyggðaneftndar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggermingum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tið verið undirorpíð beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðaneftnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í esa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgia, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Mem eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnetur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búsfárgangí á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskýld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbrésum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveisit í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því

er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkja-lýsingu jarðar verður ekki hnekkta nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómógulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf ofast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tömlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

- Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar
- Visað er til jafnræðisreglu stjórnarskráinnar
- Visað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991
- Visað er til landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.
- Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978
- Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni
Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu,
jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131.
gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök
og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur
tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Löggemannsumboð

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eftirtalins eiganda Dynjanda í Jökulfjörðum, L188868

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfу til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Kröfulýsandi er:

Db. Steinunnar M Guðmundsdóttur, kt. 110524-3669

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu þinglýsts landamerkjrabréfs jarðarinnar auk landamerkjrabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusetra punkta á meðfylgjandi upprætti:

Úr ósi Skógarlækjar innri við Leirufjörð (1) þaðan eftir læknum í fjallgilið (2) og þaðan eftir læknum til upptaka hans í Öldugilsskarði (3) þaðan eftir vatnaskilum á móti jörðum á Snæfjallaströnd að hornmarki á móti Höfða (4) þaðan eftir vatnaskilum móti Höfða i efsta fossim i Fossdalsá (5) þaðan í Flæðarhól (6).

Til vara krefst landeigandi þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Dynjandi er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Þórólfs fasthalda, sem nam land frá Sandeyrará til Gýgjarsporsár, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Dynjanda er getið í skrá um eignir Kristínar Björnsdóttur í Vatnsfirði frá 1458.

þjódlendukröfur eru gerðar í hluta jarðarinnar á Dynjandisheiði, Krubbuhorni og Gæsafjalli, en samt er skv. kröfulýsingi íslenska ríkisins (bls. 171) kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Nærtækasta skýringin er ólikur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún. Landeigandi telur að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túnka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðanefnd t.a.m. í málunum nr. 3-4/2004 um Kjalarunes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjódlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaeftni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarda í kringum Esju. Af hálfi íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknun stað, t.d. i klettabrún. Af hálfi jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar.

...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af deumum í seðlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bædi verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður að tilteknun stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðanefnd skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla og hefur því sætt sig við.

Svo háttaríkið í málum nr. 3-4/2004, að skammt var á milli byggða þótt fjallið skildi á milli auk þess sem sum landamerkjabréf lýsa merkjum nánar en eingöngu með tilvísun í fjallsbrún. Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfum jarðarinnar ná landamerki hennar á fjall upp og það sama á við um jarðir á Snæfjallaströnd handan heiðarinnar.

Í fyrrgreindum úrskurði Óbyggðanefndar auk annarra úrskurða t.d. í málum nr. 2/2005, bls. 120 voru súlikar sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs túlkaðar þannig að jarðir lægu þar saman:

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vísað til er landamerkjum milli jardá oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er vísað til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. ... Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjarðarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllum um þær jarðir í málum nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlið liggi saman í Smjörfjöllum.

Íslenska ríkið ákvað að una þessum úrskurði.

Landeigandi telur því að aðstæður allar í málum nr. 3-4/2004 og 2/2005 séu öldungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi eru í því málum sem hér er til úrlausnar og á bágt með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum Óbyggðanefndar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Gagnstætt því sem haldir er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með

löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tið verið undirorpið beinum eignarrétti.

Landeigandi leggur áherslu á að þegar Óbyggðaneftnd metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigandi telur ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjá jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigandi vísar til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veðar og afréttu ef eru, og allra audeesa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, i annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land audeſsi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnetur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nótum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsfárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki. ...

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalyssingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, bau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins kom landeiganda þannig á óvart þar sem hann hesur athugasemdaleusa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalogum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdaleusa landamerkjalyssingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarþyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigandi telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeiri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telur landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeiri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarþyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar

Óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slikum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigandi heldur því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhasar þess margssinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigandi telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi vefsengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafra er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tömlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigandi hefur þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggir landeigandi kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Visað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Visað er til jafnræðisreglu stjórnarskráinnar

Visað er til málsmæðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Visað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Visað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlagar nr. 39/1978

Visað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Visað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Visað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Visað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Visað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Íjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigandi áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málssástæður, lagarök og gögn fyrir Óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ekki greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Leira, lnr. 188955, fnr. 2250277, Ísafjarðarbæ.

EIGANDI: Jörðin er í eigu Leiru eignarhaldsfélags ehf., kt. 561213-1350.

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeiganda.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindur þinglýstur eigandi ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Leiru í Leirufirði**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftifarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulíukort ásamt hornpunktaskrá;

Landamerkjábréfi fyrir jarðirnar Leiru og Kjós frá 24. júní 1889, þar sem segir:

Milli Leiru og Kjósar eru Vegalækur, og þaðan bein sjónhending í Grasaklett og bein sjónhending þaðan og til fjalls.

Landamerkjábréfi fyrir jarðirnar Leiru, Öldugil (Öldugilsland) og Dynjanda frá 28. júní 1889, þar sem segir:

Landamerkjaskrá fyrir landamerkjum á milli Leirujarðar ásamt Öldugilslandi og Dynjanda, öllum í Grunnavíkurhreppi.

Landamerki milli Leiru ásamt Öldugilslandi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Dynjanda, eign Elíasar bónda Ebeneserssonar á Leiru og Jóns Sigurðssonar bónda í Arnardal eru: Skógarlækur ytri þó svo, að hinn innri, sem úr fjallgilinu rennur, er álitinn að vera hin einu réttu landamerki.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Leiru**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðanda mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eiganda ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, er Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 19. ágúst 1643, þar segir m.a. eftirfarandi:

19 Augusti Mariæ, Michaelis, Johannis Baptistæ Olai Thorlaci og Mariæ Magdalena kirckia J Grunnaviik
ä heimaland allt med gónum og giædum [...] og Ólldugil, [...] kiös viij hndr., [...] Leiru viij hndr., [...].
hun ä og Reka allann frä skorarä til landsdeilldar höla og veidar allar frä landsdeilldar holum til Mötz Vid
leiru land [...].¹

Í vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar um allt Skálholtsbiskupsdæmi 1675–1695, er Öldugils, Leiru
og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 18. ágúst 1675, þar segir m.a.
eftirfarandi:

Anno 1675 þann 18 Augusti Visiterud kyrkian ad Stad i Grunnavijk sem helgud er Gudi og Sællri Mariu,
Michaeli, Johann Baptistæ, Olav Thorlaco og Mariæ Magdalena. kyrkian a heimaland allt Med gognum
og giædum [...] Ølldugil, [...] Kiös viij hndr. [...] Leiru viij hndr. [...] og so Her allann Hraffnfiord item
Vel halffann Leirufiord, [...] Hun ä og reka allann frä Skorarä til lands Deilldar höla og Veidar allar frä
lands Deilldarholum til Mots Vid leiru land / Veidar allar þær sem i Notum Veidast. [...].²

Í vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og
1710–1719, er Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 12.
ágúst 1700, þar segir m.a. eftirfarandi:

Anno ut Supra d 12 Augusti visiterud Kyrkiann Ad Stad i Grunnavyk Sem Helgud er Gude og Sællre
Mariu, Michaeli Johanni Baptistæ Olavo Thorlaco og Mariæ Magdalena, Hun ä Heimaland allt med
gónum og giædum, [...] og Ølldugil, [...] Kiös viij hndr., [...] Leyru viij hndr., [...] item Allann
Hrafnfsiörd og hælfann leyrufiörd uti Skögarlæke yfer Sunnannframm, Hun ä Reka allann frä Skorarä til
landsdeilldar Hoola, og veidar Allar frä landsdeilldarholum til möts vid leykuland, og sem i Nötum
veidast, [...].³

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar um Sunnlendingafjórðung, Sólheima- og Reynisþing og
Vestfirðingafjórðung 1723–1733, er Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað
í Grunnuvík, dags. 23. ágúst 1725, þar segir m.a. eftirfarandi:

Stadur i Grunnavyk

Guds og Mariæ kirkia ad Stad i Grunnavik, ä Heimaland allt med gónum og giædum, [...] Ølldugil, nu
J Eide, [...] Kiös 8 hndr., Landskulld 40. al., [...] Leiru 8 hndr., Landskulld 40. äl., [...] Item allann
Hrafnfsiörd, og Halfann Leyrufiörd, uti Skögarlæke ytre sunnannfram, Hun ä Reka allann frä Skorarä, til
Landdeilda Höla, og veidar allar frä Landzdeilda Hölum til möts vid Leyru Land, [...].⁴

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar fir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðunga 1723–1742, er
Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 3. ágúst 1740, þar
segir m.a. eftirfarandi:

¹ Staður í Grunnavík. 19. ágúst 1643. (Bps. A. II, 6. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 86–88).

² Staður í Grunnavík. 18. ágúst 1675. (Bps. A. II, 11. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar um allt Skálholtsbiskupsdæmi 1675–1695, bls. 25–27).

³ Staður í Grunnavík. 12. ágúst 1700. (Bps. A. II, 14. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719 I, bls. 46r–47r).

⁴ Staður í Grunnavík. 23. ágúst 1725. (Bps. A. II, 17. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar um Sunnlendingafjórðung, Sólheima- og Reynisþing og Vestfirðingafjórðung 1723–1733, bls. 430–434).

LÖGMENN SUÐURLANDI

Stadur i Grunnavyk

Kyrkiann ad Stad i Grunnavyk ä effter mäldögum og fyrerfarande visitatium Heimaland allt med gónum og giædum, Jt. [...] Ølldugil i Eyde. [...] Kios 8 hndr., Landskulld 40 al [...] Leyrä 8 hndr. i Eyde [...] Rekum og Jtokum óllum beheldur kyrkiann sosem mäldagar ummgeta.

[...].⁵

Í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, er Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 29. ágúst 1749, þar segir m.a. eftirfarandi:

Anno 1749 þann 29da Augusti Visiterud Kyrkiann ad Stad i Grunnavík, Hun ä Heimaland allt, med gögnum og giædum, [...] Øldugil nu j Eyde. [...] Kiös 8 hndr. [...] Leyru 8 hndr. [...] Item allann Hrafnsvið, og Hæfmann Leýrufið, utj Skógarlæke ytre sunnannframm, Hun ä Reka allann frä Skorará til Landdeildar Höla og Veidar allar fra Landdeildar Hölum, til mötz vid Leyru Land, og sem j Nötum veidast [...].⁶

Í vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1756–1778, er Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 16. júní 1775, þar segir m.a. eftirfarandi:

Stadur i Grunnavyk

Anno 1775 þann 16da Junii, var Kyrkiann ad Stad i Grunnavyk Visiterud i umbode Hr Biskupsens Doctor Finns Jonssonar af Profastenumm Sr Byrne Halldorssyne; Hun ä heimaland allt med giognum og giædum, [...] Auldugil nu i Eide, [...] Leiru 8 hndr., [...] Jt allan Hrafnsvið, og allann halfann Leýrufið uti Skógarlæke ytre sunnannframm. Hun á Reka allann frä Skorará til landdeildarhóla, og veidar allar frá landdeildarhólum til mots vid Leiruland, og sem i Notum veidest [...].⁷

Í vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs biskups Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1790–1800 og vísitasíur Steingríms biskups Jónssonar um Skagafjarðar-, Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalaprófastsdæmi 1826–1827, er Öldugils, Leiru og Kjós getið eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 9. ágúst 1790, þar segir m.a. eftirfarandi:

Stadur i Grunnavík

Anno 1790 d 9 Aug. visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Stad i Grunnavik Hun a Heimaland allt med Gögnum og giædum. [...] Øldugil nu i eide; [...] Kiös 8 hndr., [...] Leyru 8 hndr., [...] item allann Rafnfiord og ½ Leýrufið uti Skógarlæk ytre sunnannframm. Hun á Reka allann fra Skorará til Landdeildarhóla, og Veidar allar frá Landdeildar hólum, til móts vid Leyruland sem i Nótum veidast Hun á 6tung [...].⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. í umfjöllun um Dynjanda:

Aulldugil, fornt eyðiból fram í botninum í Leirufirði, og er affallin bygðin til að geta fyrir 2 hundruð eður 3 hundruð árum, og hefur þessa bygð eyðilagt jökulhláup og vatnaágángur (eftir sem menn meina), því

⁵ Staður í Grunnavík. 3. ágúst 1740. (Bps. A. II, 16. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar yfir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðunga 1723–1742, Örk IV, bls. 241–243).

⁶ Staður í Grunnavík. 29. ágúst 1749. (Bps. A. II, 19. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, II. hluti, bls. 29–31).

⁷ Staður í Grunnavík. 16. júní 1775. (Bps. A. II, 21. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1756–1778 I, bls. 398–401).

⁸ Staður í Grunnavík. 9. ágúst 1790. (Bps. A. II, 24. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs biskups Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1790–1800 og vísitasíur Steingríms biskups Jónssonar um Skagafjarðar-, Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalaprófastsdæmi 1826–1827, bls. 24–27).

⚡ LÖGMENN SUDURLANDI

það lítið sem eftir sjest af tóftarústum er nú við sjálfst jökulbarðið og hefur jökullinn í manna minnum hlaupið yfir allt þetta pláts, sem bærinn hefur að fornu verið.⁹

Þá segir m.a. um Leiru í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns:

Hefur í eyði legið næstum 3 ár.

Jarðardýleiki viii c [...]

Eigandinn beneficium Staður í Grunnavík.

[...]

Fóðrast kunni iii kýr, i úngneyti, xx ær, x lömb, ii hestar.

Túninu grandar grjóts uppgángur. Enginn grandar Miðá til stórskaða og eyðileggíngar með grjóts og sands áburði og so annarsstaðar snjóvatn, sem jeur úr rótina. [...]

Enginn brúkar nú jörð þessa síðan hún lagðist í eyði.¹⁰

Í jarðamati 1804 segir um Leiru í Leirufirði:

Leira

Kirke Jord til Stad

Dyrhed 8 hndr.

Lejlænding Einar Biarnesen

[...]

Jngen Herligheder uden Kratskov og Torvskiær til egen Fornödenhed. –

p. n. her holdes 8 Lam.¹¹

Í jarðamati 1804 segir um Öldugil í Leirufirði í umfjöllun um Dynjanda í Leirufirði:

[...]

Öde Jorden Öldugil som er til hörende Stadskirke og her i Nærheden beliggende, afgiver ingen Höe Avling og tiener blot til Beiteland for anførte og næstfolgende Jord.¹²

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847, segir um Leiru að hún sé eign Staðarkirkju og sé 8 hdr að dýrleika. Enn fremur segir að eyðijörð Staðar kirkju, Öldugil, sé til beitar frá Leiru og Dynjanda.¹³

Í jarðamati 1849-1850 segir um Leiru í Leirufirði:

1849. Augúst 20 var jardamatsþíng sett ad stad í Grunnavík af Sýslumanni Ísfirdíngi – hvar þá – var fyrirtekid:

ad meta jardir allar í Grunnavíkur hrepp ad dalatali.

[...]

5. Leýra

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 272.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 272-273.

¹¹ Leira í Leirufirði. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802-1804, bls. 122v).

¹² Dynjandi í Leirufirði, Öldugil í Leirufirði. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802-1804, bls. 122v).

¹³ Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn, 1847, bls. 203.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Þad er góð heýajórd og búnytjar nýtilegar og vorgott.¹⁴

Landamerkjabréf Leiru og Kjósar er dagsett þann 24. júní 1889, og er þar merkjum lýst:

Milli Leiru og Kjósar eru Vegalækur, og þaðan bein sjónhending í Grasaklett og bein sjónhending þaðan og til fjalls.¹⁵

Landamerkjabréf Leiru, Öldugils (Öldugilslandi) og Dynjanda er dagsett þann 28. júní 1889 og er þar merkjum lýst:

Landamerkjaskrá fyrir landamerkjum á milli Leirujarðar ásamt Öldugilslandi og Dynjanda, öllum í Grunnavíkurhreppi.

Landamerki milli Leiru ásamt Öldugilslandi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Dynjanda, eign Elíasar bóna Ebenesessonar á Leiru og Jóns Sigurðssonar bóna í Arnardal eru: Skógarlækur ytri þó svo, að hinn innri, sem úr fjallglinu rennur, er álitinn að vera hin einu réttu landamerki.¹⁶

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Leiru:

Í Leirufjarðarbotni, norðan fram, undir fjallshlíð, er Leira 8 Hdr., með góðu túni og engjum, án nokkurs útigangs.¹⁷

Í umfjöllun sóknarlýsingar Vestfjarða segir m.a. um selstöður og afréttarlönd í Grunnavíkursókn:

Afréttarland er í Leirufirði, hvar jörð, nefnd Öldugil, eyðilagðist af jökulhlaupi, og til heyrir landið Grunnavíkurkirkju Nálægir bær hafa þar upprekstur, en réttin er haldin á Dynjanda á haustum, nálægt sláturtíma.¹⁸

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Leiru sem Jóhann Hjaltason skráði vorið 1937, hreinskráð 1938, eftir sögn Hallgríms Jónssonar bóna á Höfða, segir um Leiru:

Austur úr Ísafjarðardjúpi utarlega ganga Jökulfirðir (1) fimm að tölu. Hinn syðsti og vestasti þeirra er Leirufjörður (2). Upp frá firðinum gengur stuttur dalur, samnefndur, en niður í dalbotninn fellur skriðjökull frá Drangajökli (3). Undan jökulsporðinum sprettur á, sem rennur til sjávar niður dalinn um leirur miklar og sanda. Á þessi, sem getur orðið mjög vatnsmikil í vatnavöxtum og leysingum, er í daglegu tali heimamanna kölluð Fjörðurinn (4), en menn út í frá munu kalla hana Leiru (5) [...] Þess má og geta að í jarðabíok Á.M. frá 1710 er hún kölluð Miðá (5 B), enda rennur hún niður miðjan dalinn eða fjörðinn. Fjarðadalurinn er með háum kjarri vöxnum hlíðum, en litlu undirlendi. Jörðin Leira á land báðum megin dalsins, og stendur bærinn að austanverðu, skammt frá sjá. Nú er jörð þessi í eyði og hefur verið um nokkur undanfarin ár. Fjallið upp af bænum er einu nafni nefnt Leirufjall (6). Hæst í því er svo nefndur Langihjalli (7), en niður af honum heita Smáfell (8). Inn af fellunum eru svo kallaðar Bungur (9), en fyrir utan þau heita Pálssteinn (10) og Pálsteinshjalli (11). Niður af hjallanum er kölluð Hæð (12) og Hæðarhorn (13).

Niður af horninu er hjalli, sem nefnist Sauðahlíð (14), en fyrir framan hana og í sömu hæð eru Fosshjallar (15) Nautahjallar (16).

¹⁴ Nes í Grunnavík, Staður í Grunnavík, Faxastaðir í Grunnavík, Höfði í Jökulfjörðum, Leira í Leirufirði, Kjós í Jökulfjörðum, Kvíar í Lónafirði, Steinólfssstaðir í Veiðileysufirði, Barðsvík á Ströndum, Bolungarvík á Ströndum, Furufjörður á Ströndum. (Íslenska stjórnardeildin, J/2–6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

¹⁵ Leira í Leirufirði, Kjós í Jökulfjörðum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 159).

¹⁶ Dynjandi í Leirufirði, Leira í Leirufirði ásamt Öldugili í Leirufirði. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 160).

¹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfízkra áthagafelaga (1952), bls. 159.

¹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfízkra áthagafelaga (1952), bls. 160.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Fram af hjöllum þessum er svo kölluð Stórá (17) og Stórárnefn (18).

Þar fyrir neðan er kallað Lægrafjall (19), en yzt á því er svo nefndur Hellismúli (20) [...] Á öllu Lægrafjallinu eru slægjur af og til. [...] Fyrir framan Eyrarnar er Jökulgarður (32), og nær gras og gróður aðeins fram að honum. Nokkur kippur er frá garðinum og fram að jökkli, en það svæði er með öllu gróðurlaust og nefnist ýmist Hraun (33) eða Melar (34). Vestan megin við ána þ.e. Fjörðinn eða Miðá eru innst og neðst svo nefndir Svörtuklettar (35) og upp af þeim Jökulhjallar (36). Fyrir utan þá er svo kölluð Jarðhúsahlíð (37). [...] Út af Jarðhúsahlíð er svo nefnd Öldugilsá (38) og Öldugilshlíð (39). Þar vottar fyrir tóttarústum, fornlegum mjög eða ógreinilegum og mælt að býli hafi verið á fyrri öldum, sem heitið hafi Öldugil (40).

Þar fyrir utan eru Öldugilshjallar (41), en á fjallsbrúninni upp og út af þeim er hár fjallstindur sem heitir Krubbuhorn (42). Holt og Hryggir, sem eru þar niður af nefnast Krubbur (43). Inn af þeim er svo kallaður Grímshjalli (44), en út og niður af honum eru nokkur merki um horfna og forma byggð, þar sem heitir á Auðnutúni (45).

Út og upp af Krubbunum er svo nefndur Brattihjalli (46), en út og niður af honum er hlíð, sem einu nafni nefnist Skógarlækir (47). Niður hlíð þessa renna margir lækir, og er einn þeirra landamerkjalaekur á milli Leiru og Dynjanda. [...]

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Leiru sem Hallgrímur Jónsson frá Dynjanda skráði, segir um landamerki Leiru:

Lönd Leiru og Dynjanda liggja saman í svonefndu Dynjandafjalli. Örnefni Leiru taka því þar við, sem Dynjandaörnefni enda.

Skógarlækur (1), [...] Jökulhjallar (20). [...] Innst á Jökulhjöllum eru Bungur (24) og Svörtuklettar (25), þar neðar Hraunin (26) og Jökulán (27) og síðast Drangajökull (28) fyrir botni Leirufjarðar.

Hinu megin eru líka Jökulhjallar (29) og Bungur (30) og Hraunin (31) [...] Vegalækur (56), Landá (57) [...] (komið að landi Kjósar).

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Leiru sem Dagbjartur Majasson ritaði, dags. 24. febrúar 1976, segir um landamerki Leiru:

Jökulfjörður (1) gengur til suðausturs og er [...] innstur fjarða í Jökulfjörðum. Fyrir botni hans eru leifar, framburður jökulár og mikið útfiri. Inn af Leirunum (2) eru Leirueyrar (3) [...]. Eyrarnar ná fram að Jökulgarði (10), sem er malahryggur að mestu þvert yfir láglendið. Fyrir framan Jökulgarðinn taka við Hraunin (11), að mestu gróðurlaust land með malahryggjum hér og þar, að líkendum ruðningar undan jöklinum á ýmsum tínum. Hraunin ná fram undir það, sem landið fer að hækka, og er þá skammt upp að Drangajökli (12). Að suðvestan við eyrarnar og Hraunin er Dynjandisfjall (13). Það er mestallt í landareign Leiru. [...] Að norðaustanverðu er Leirufjall (14), það er vel gróið og grösugt hátt upp eftir.

[...] Landamerki Leiru og Dynjanda eru Skógarlækir (15), utarlega í Dynjandisfjalli. Landamerki Leiru og Kjósar eru Vegalækur (16), líttill lækur, sem rennur niður Hvamminn (17) og í Landána, frá Vegalæk í Gasaklett (18), stakan klett efst í Hvamminum, þaðan í Litladal (19), yfir Hellismúla (20) og upp Geimrönd (21). Eyrarnar á Leira til sjávar. Niður með Dynjandisfjalli rennur Fjörðurinn (22), jökulá undan Drangajökli. Áin kemur á tveimur stöðum undan jöklinum, Austari- (23) og Vestari-Jökulár (24). Þær renna saman fremst á Hraununum. [...] Efst á Börðunum er Stekkurinn (36), þar fyrir utan Nasabreiðan (37) og upp af henni Nasinn (38), klettabelti á brún Lægrafjallsins (39) utan til. Niður af Börðunum er Vörðuholtið (40), rétt ofant við Landána. Út og upp frá því eru Hvammabrekkur (41) og síðan Hvammurinn, en um hann liggja landamerki Kjósar og Leiru, eins og áður er sagt. [...] Fyrir framan Stórá eru Jökulhjalli (56) og Svartihjalli (57), en Hraunahlíðin (58) neðar og fram að Hvítá (59), og er þá stutt fram að Austari-Jökulám. Upp af Bollunum og Stúfhjalla er Lægrafjallíð. Utarlega á því er Stórholt (60), en Lægrafjallíð endar á Hellismúla, og er þá komið í Kjósarlandareign. Efst á Lægrafjallinu er

 LÖGMENN SUÐURÍANDI

Eyvindarhóll (61) [...]. Það, sem er fyrir ofan Lægrafjall og Engihjalla, eru einu nafni kallað Hærrafjall (65). Þar heitir Sauðahlíð (66) upp af Lægrafjallinu, grasi gróinn hjalli. [...] Upp af Sauðahlíð og Lækjarbrekku er Hæðin (75). Sauðahlíð og Hæðin enda á Geimrönd, og er þá komið að landamerkjum Kjósar. Fram af hæðinni er Nautahjallar og Fosshjallar, sem áður voru nefndir. Allir þessir hjallar, sem nú hafa verið nefndir, eru grasi vaxnir að ofan, og var þar engjaldand Leiru. Fyrir ofan Hæðina eru Smáfellin (76) og fram af þeim Pássteinshjalli (77). Á honum er stór steinn, svartur að ofan af geitnaskóf, hann heitir Pálssteinn (78). Þar fyrir ofan er Langihjalli (79), að mestu gróðurlaus, og efst Kjólur (80). Fyrir framan Fosshjalla er Lægribunga (81) og Hærribunga (82) ofar. Landið þar fyrir framan var einu nafni kallað fyrir framan Bungur (83) og þar fremst og efst Skot (84), og tekur þá við Drangajökull. [...] Jörðin Leira fór í eyði árið 1926.

Leirufjörður (87) jökuláin, hefur oft breytt um farveg. Þegar ég þekkti þar til, rann hann niður með Dynjandisfjalli. Áður hafði mikill hluti hans runnið í Krókána (88), um það bil á miðjum Eyrunum, en eftir 1960 var hann búinn að brjóta sér leið sniðhallað yfir Eyrarnar og í Landána.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeiganda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á málögum, afsöllum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Leiru í Leirufirði** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til eftirfarandi þinglýstra landamerkjabréfa sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjabréf fyrir Leiru og Kjós, þinglýst að Stað í Grunnavík 15. ágúst 1890 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, einnig landamerkjabréf fyrir Dynjanda og Leiru ásamt Öldugili, þinglýst að Stað í Grunnavík 15. ágúst 1890 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Leiru** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 8 hundruð að dýrleika og að eigendi sé beneficium Staður í Grunnavík. Sama kemur fram í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 að jörðin sé 8 hundruð að dýrleika. Þá segir einnig í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 að Leira sé eign Staðarkirkju og sé 8 hundruð að dýrleika. Enn fremur segir að eyðijörð Staðarkirkju, Öldugil, sé til beitar frá Leiru og Dynjanda.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Leiru í Leirufirði**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkjja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Leiru**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tömlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns sé ekki fullkominn eign hans.

Meðfylgjandi er uppráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalsýslu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugeroð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Leira í Leirufirði** er ein þeirra jarða sem á land sem liggar innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er; **Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeiganda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Leiru í Leirufirði** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornritum.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist þjóðlendukrafa ríkisins einkum byggja á því sem kemur fram í sóknarlýsingu Vestfjarða þar sem þess er getið að afréttarland sé í Leirufirði þar sem jörðin Öldugil stóð áður. Í því sambandi vill umbjóðandi minn áréttu nokkuð.

Í fyrsta lagi má nefna að íslenska ríkið gerir enga tilraun til þess að afmarka landsvæði Öldugils og hefur þar af leiðandi ekki sýnt fram á hver landamerki þess landsvæðis séu og þar með rétta afmörkun þjóðlendukröfu sinnar á þessum grunni.

Í öðru lagi er vísað til þess sem kemur fram í landamerkjabréfi Dynjanda í Leirufirði og Leiru í Leirufiðri ásamt Öldugili í Leirufirði frá árinu 1890, en þar segir; „*Landamerki milli Leiru ásamt Öldugilslandi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnarvík og Dynjanda, eign Elíasar bónda Ebenezerssonar á Leiru og Jóns Sigurðssonar bónda í Arnardal eru: Skógarlækur ytri þó svo, að hinn innri, sem úr fjallgilinu rennur, er álitinn að vera hinn einu réttu landamerki.*“ Samkvæmt þessu orðalagi „*Leira ásamt Öldugilslandi*“ telur umbjóðandi minni ljóst að umþrætt landsvæði tilheyri landareign Leirujarðarinnar, enda er það innan landamerkja Leiru. Einnig er ljóst af landamerkjabréfinu að landamerki milli Leiru og Dynjanda eru í umræddum skógarlæk.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Hvað varðar landamerki Leiru að öðru leyti má sjá af landamerkjabréfi fyrir Leiru og Kjós frá árinu 1890 að landamerki Leiru nái til fjalls, en af því má ráða að þau liggi á vatnaskilum.

Jafnframt ber í þessu samhengi að benda á það sem kemur fram í örnefnaskrám fyrir Leiru. Í örnefnaskrá þeirri sem Jóhann Hjaltason skráði segir m.a. að Leira eigi land báðum megin dalsins og að landamerki Leiru og Dynjanda séu í landamerkjalæk. Í örnefnaskrá fyrir jörðina Leiru sem Hallgrímur Jónsson skráði segir m.a. að lönd Leiru og Dynjanda liggi saman í svonefndu Dynjandafjalli. Loks segir í örnefnaskrá fyrir jörðina Leiru sem Dagbjartur Majasson ritaði m.a. að Dynjandisfjall sé mest allt í landareign Leiru og að landamerki Leiru og Dynjanda séu Skógarlækir utarlega í Dynjandisfjalli. Einnig kemur þar fram að Leirueyrarnar, sem ná fram að Jökulgarði, á Leira til sjávar.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það að miklu leyti við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsa merkjum Leiru. Einnig má sjá af fyrirliggjandi gögnum, m.a. örnefnaskrám um jörðina Leiru, að Drangajökull hefur náð miklum mun lengra niður á land jarðarinnar á þeim tíma sem landamerkjabréf jarðarinnar voru rituð. Í því ljósi ná lýsingarnar með almennum hætti á fjall upp og ekki virðist hafa þótt ástæða til að lýsa með nákvæmum hætti efri merkjum jarðanna en svo. Telur landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki að þessu leyti, til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt.

Landeigandi telur þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigandi áréttar að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Einnig má vísa til þess sem kemur fram í Jarðabók Árna og Páls um Öldugil en þar segir að hún hafi verið fornt eyðiból fram í botninum á Leirufirði, tófrústir hafi þá verið við jökulbarðið, jökullinn hafi hlaupið yfir allt þetta pláss sem bærinn hefur að fornu verið. Að auki má vísa til þess sem kemur fram um Öldugil í jarðamatinu 1804, þar sem segir að Öldugil hafi tilheyrt Staðarkirkju og Dynjandi og Leira hafi átt þar beitiland, en það sama kemur fram í jarðatali Johnsens. Af þessu telur umbjóðandi minn ljóst að landsvæði það sem talið er hafa tilheyrt jörðinni Öldugili er háð beinum eignarrétti og sé því ekki þjóðlenda.

Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur bendir umbjóðandi minn á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Ekkert bendir til þess að landsvæði það sem ríkið gerir kröfu til sem þjóðlendu hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Leiru** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

 LÖGMENN SUDURLANDI

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.


Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar
3. Hornpunktaskrá
4. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Leiru frá 1937
5. Örnefnaskrá Hallgríms Jónssonar frá Dynjanda um Leiru
6. Örnefnaskrá Dagbjarts Majassonar fyrir Leiru, dags. 24. febrúar 1976
7. Þinglýsingarvottorð
8. Fasteignamatsvottorð
9. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22.03 2021

Ólafur Björnsson hrl.



SLYSA- OG BÓTAMÁL

Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Kjós, lnr. 188884, fnr. 2250274, Ísafjarðarbæ.

EIGANDI: Jörðin er í eigu **Leiru eignarhaldsfélags ehf.**, kt. **561213-1350**

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeiganda.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindur þinglýstur eigandi ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Kjósar í Jökulfjörðum**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum, sbr. framlagt kröfulínu kort ásamt hornpunktaskrá;

Landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Leiru og Kjós frá 24. júní 1889, þar sem segir:

Milli Leiru og Kjósar eru Vegalækur, og þaðan sein sjónhending í Grasaklett og sein sjónhending þaðan og til fjalls.

Landamerkjabréfi fyrir jarðirnar Kjós og Hrafnfjarðareyri frá 24. júní 1889, þar sem segir:

Landamerki milli Kjósar og Hrafnfjarðareyra eru Landsdeildarhólar, eða öðru nafni Kjósarhólar, og þaðan sjónhending í miðjan Björnshrygg og beint til fjalls.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Kjósar í Jökulfjörðum**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarrekningi umþjóðanda mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eiganda ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í vísitasíubók Brynjólfs bískups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 19. ágúst 1643, þar segir m.a. eftirfarandi:

 LÖGMENN SUÐURLANDI

19 Augusti Mariæ, Michaelis, Johannis Baptistæ Olai Thirlaci og Mariæ Magdalena kirckia J Grunnaviik
ä heimaland allt med gógnum og giædum [...] Kiös vijj hndr. [...].¹

Í vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar um allt Skálholtsbiskupsdæmi 1675–1695, er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 18. ágúst 1675, þar segir m.a. eftifarandi:

Anno 1675 þann 18 Augusti Visiterud kyrkian ad Stad i Grunnavijk sem helgud er Gudi og Sællri Mariu, Michaeli, Johann Baptistæ, Olav Thirlaco og Mariæ Magdalene. kyrkian a heimaland allt Med gognum og giædum [...] Kiös vijj hndr. [...].²

Í vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719, er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 12. ágúst 1700, þar segir m.a. eftifarandi:

Anno ut Supra d 12 Augusti visiterud Kyrkiann Ad Stad i Grunnavyk Sem Helgud er Gude og Sællre Mariu, Michaeli Johann Baptistæ Olavo Thirlaco og Mariæ Magdalene, Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædum, [...] Kiös vijj hndr., [...].³

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar um Sunnlendingafjórðung, Sólheima- og Reynisþing og Vestfirðingafjórðung 1723–1733, er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 23. ágúst 1725, þar segir m.a. eftifarandi:

Stadur i Grunnavyk

Guds og Mariæ kirkia ad Stad i Grunnavik, ä Heimaland allt med gógnum og giædum, [...] Kiös 8 hndr., Landskulld 40. al., [...].⁴

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar fir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðunga 1723–1742, er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 3. ágúst 1740, þar segir m.a. eftifarandi:

Stadur i Grunnavyk

Kyrkiann ad Stad i Grunnavyk ä effter mäldögum og fyrerfarande visitatium Heimaland allt med gógnum og giædum, Jt. [...] Kiös 8 hndr., Landskulld 40 al [...].⁵

Í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnuvík, dags. 29. ágúst 1749, þar segir m.a. eftifarandi:

Anno 1749 þann 29da Augusti Visiterud Kyrkiann ad Stad i Grunnavik, Hun ä Heimaland allt, med gögnum og giædum, [...] Kiös 8 hndr. [...].⁶

Í vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs biskups Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1790–1800 og vísitasíur Steingríms biskups Jónssonar um Skagafjarðar-,

¹ Staður í Grunnavík. 19. ágúst 1643. (Bps. A. II, 6. Vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárpíng 1639–1671, bls. 86–88).

² Staður í Grunnavík. 18. ágúst 1675. (Bps. A. II, 11. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar um allt Skálholtsbiskupsdæmi 1675–1695, bls. 25–27).

³ Staður í Grunnavík. 12. ágúst 1700. (Bps. A. II, 14. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719 I, bls. 46r–47r).

⁴ Staður í Grunnavík. 23. ágúst 1725. (Bps. A. II, 17. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar um Sunnlendingafjórðung, Sólheima- og Reynisþing og Vestfirðingafjórðung 1723–1733, bls. 430–434).

⁵ Staður í Grunnavík. 3. ágúst 1740. (Bps. A. II, 16. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar yfir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðunga 1723–1742, Örk IV, bls. 241–243).

⁶ Staður í Grunnavík. 29. ágúst 1749. (Bps. A. II, 19. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, II. hluti, bls. 29–31).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalaprófastsdæmi 1826–1827 er getið um Kjós í eignum og ítökum kirkjunar að Stað í Grunnavík, dags. 9. ágúst 1790, þar segir m.a. eftirfarandi:

Stadur í Grunnavík

Anno 1790 d 9 Aug. visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Stad i Grunnavik Hun a Heimaland allt med Gönum og giædum. [...] Kiós 8 hndr., [...].⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Kjós í Leirufirði:

Hefur í eyði legið síðan bóluna.

Jarðardýrleiki viii c [...]

Eigandinn beneficium Staður í Grunnavík.

[...]

Fóðrast kunni iii kyr, i úngneyti, xxx ær, xvi lömb, i hestur.

Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður góður til eldiviðar. Hrísrif sem segir um Leiru. Silúngsveiði valla teljandi í bæjaránni. Grastekja valla teljandi. Berjalestur nægur. Selveiði gagnvæn þegar vel var að sókt, þó minni þá seinast bygt var. Rekavon lítil, heppnast sjaldan.

Engin grandar snjóflóð og skriður úr snarbröttu fjalli til stórskaða. Hætt er kvíkfje fyrir snjóflóðum. Kirkjuvegur sem áður segir um Leiru. Hætt er stórlega húsum og heyjum fyrir merkilegum stórvíðrum, sem oft varð skaði að.

[...]⁸

Í jarðamat 1804 segir um Kjós í Jökulfjörðum:

Kioos

Kirke Jord til Stad

Dyrhed. 8 hndr.

Lejlænding Repstyr Jon Eriksen

[...]

Selhundefangst gives her og der af 1/15 Tde Tran. –

Kratskov og Torvskiær til eget Brug.

p. n. her holdes 10 Lam.

Öde Jorden Liostader, som bruges til Bejteland er her under indbefattet. –⁹

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847, segir um Kjós að hún sé eign Staðarkirkju og sé 8 hdr. að dýrleika. Enn fremur segir að eyðijörðin Ljónsstaðir sé talin með og höfð til beitar.¹⁰

Í jarðamati 1849-1850 segir um Kjós í Jökulfjörðum:

⁷ Staður í Grunnavík. 9. ágúst 1790. (Bps. A. II, 24. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar og Geirs biskups Vídalín um Vestfirðinga- og Sunnlendingafjórðunga 1790–1800 og vísitasíur Steingríms biskups Jónssonar um Skagafjarðar-, Borgarfjarðar-, Mýra- og Dalaprófastsdæmi 1826–1827, bls. 24–27).

⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 273-274.

⁹ Kjós í Jökulfjörðum. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 123v).

¹⁰ Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 203.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

1849. Augúst 20 var jardamatsþíng sett ad stad í Grunnavík af Sýslumann Ísfirdíngi – hvar þá -- var fyrirtekið:

ad meta jardir allar í Grunnavíkur hrepp ad dalatali.

[...]

6. Kjós

Slægjur og útigángur mæla heldst med býli þessu, frammúr medalkotum.¹¹

Landamerkjabréf Leiru og Kjósar er dagsett þann 24. júní 1889, en þar er merkjum lýst:

Milli Leiru og Kjósar eru Vegalækur, og þaðan bein sjónhending í Grasaklett og bein sjónhending þaðan og til fjalls.¹²

Landamerkjabréf Kjósar og Hrafnfjarðareyrar er dagsett þann 24. júní 1889, en þar er m.a. merkjum milli jarðanna lýst:

Landamerki milli Kjósar og Hrafnfjarðareyrar eru Landsdeildarhólar, eða öðru nafni Kjósarhólar, og þaðan sjónhending í miðjan Björnshrygg og beint til fjalls.¹³

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýsla, segir um Kjós:

15 Fyrirtekið að meta jörðina Kjós Nr 11 8 hndr. f. m.

Eigandi og ábúandi: Þorvaldur Símonarson

Lýsing jarðarinnar.

I. Jarðnytjar: Túnið snögg lent og fremur grýtt. Töðufall 30 hestar.

Útengi: Bæði votlent og þurlent, grasgefið og greiðfært. Heyfall 240 hestar.

Beitiland: Gott að sumrinu og fjörubeit goð að vetrinum.

II. Önnur jarðargæði og hlunnindi:

Mótak gott og torfrista

III Ókostir:

Snjóþyngsli mikil.

[...]

Mat:

a. Jörðin 850 Kr.

b. Jarðarhús 650 –

Alls Krónur 1500 –

Ísafirði, 6. des. 1917

¹¹ Nes í Grunnavík, Staður í Grunnavík, Faxastaðir í Grunnavík, Höfði í Jökulfjörðum, Leira í Leirufirði, Kjós í Jökulfjörðum, Kvíar í Lónafirði, Steinólfstaðir í Veiðileysufirði, Barðsvík á Ströndum, Bolungarvík á Ströndum, Furufjörður á Ströndum. (Íslenska stjórnardeildin, J/2–6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

¹² Leira í Leirufirði, Kjós í Jökulfjörðum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 159).

¹³ Kjós í Jökulfjörðum, Hrafnfjarðareyri við Hrafnfjörð. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1959, án bls., nr. 158).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

[...].¹⁴

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kjós:

Við víkurbotn þenna liggur Kjós, 8 Hdr., sem eftir stærð jarðarinnar hefur tún og engjar, sem árlega ganga stórum af sér.¹⁵

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Kjós sem Jóhann Hjaltason skráði haustið 1937, segir um landamerki Kjósar:

Kjósarbærinn stendur við litla vík í mynni Hrafnarfjarðar (1) að vestan. Vikin nefnist Kjósarvogur (2). Fyrir utan voginn er allhátt og breitt nes, yst á milli Hrafnarfjarðar og Leirufjarðar (3), sem nefnist Kjósarnes (4) og er allt í Kjósarlandi. [...]

Fram af bænum í vesturátt, og upp af Hleininni er lægð nokkur, sem nefnist Hvammur (19) [...]. Þar fyrir framan er svo kallaður Litlidalur (22) og svæði, sem heitir Skógar (23). [...] Upp af Skógum heitir Geimur (24) eða Geymur (25), og er það slægjuland. [...]

[...] Þar fyrir innan er svo nefndur Björnshryggur (33), og eru þar landamerki Kjósar og Hrafnarfjarðareyrar, en áður voru þau á Kjósarhrygg (34), sem er nokkru innar. [...]

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Kjós sem Dagbjartur Majasson ritaði, dags. 26. október 1978, segir um landamerki Kjósar:

Kjós og Leira eiga sameiginleg landamerki frá fjöru til fjalls. Ef byrjað er að telja frá sjó skiptir Landái (1) fram að Vegalæk (2), lítill lækjarsprænu, sem rennur í Landána. Þaðan í Gasaklett (3), stakan klett ofarlega í Hvamminum (4). Síðan áfram til fjalls upp yfir Nasann (5), framan til við Litladal (6), yfir Hellismúla (7) og upp Geimrönd (8). Að norðanverðu á Kjós sameiginleg landamerki með Hafnfjarðareyri. [...] Út með að norðanverðu eru Bakkar (26), Skeið (27) (eða Skeiði), Hólar (28) yzt við víkna og nokkru innar með Hrafnfirði Björnshryggur (29) en þar eru landamerki.

[...] Svæðið upp þar frá Landánni heitir Hvammur. [...] Nokkru ofar er smákvos, sem heitir Litlidalur, [...] síðan Hellismúli og enn ofar Geimur (36). Hann aðskilur Leirufjall og Kjósarnúp (37). [...]

Í örnefnaskrá fyrir jörðina Leiru sem Dagbjartur Majasson ritaði, dags. 24. febrúar 1976, segir um landamerki Leiru og Kjósar:

[...] Landamerki Leiru og Kjósar eru Vegalækur (16), líttill lækur, sem rennur niður Hvamminn (17) og í Landána, frá Vegalæk í Gasaklett (18), stakan klett efst í Hvamminum, þaðan í Litladal (19), yfir Hellismúla (20) og upp Geimrönd (21). [...] Efst á Börðunum er Stekkurinn (36), þar fyrir utan Nasabreiðan (37) og upp af henni Nasinn (38), klettabelti á brún Lægrafjallsins (39) utan til. Niður af Börðunum er Vörðuholtið (40), rétt ofant við Landána. Út og upp frá því eru Hvammabrekkur (41) og síðan Hvammurinn, en um hann liggja landamerki Kjósar og Leiru, eins og áður er sagt. [...] en Lægrafjallið endar á Hellismúla, og er þá komið í Kjósarlandareign. Efst á Lægrafjallinu er Eyvindarhóll (61) [...]. Þar heitir Sauðahlíð (66) upp af Lægrafjallinu, grasi gróinn hjalli. [...] Upp af Sauðahlíð og Lækjarbrekku er Hæðin (75). Sauðahlíð og Hæðin enda á Geimrönd, og er þá komið að landamerkjum Kjósar. [...]

Leirufjörður (87) jökuláin, hefur oft breytt um farveg. Þegar ég þekkti þar til, rann hann niður með Dynjandisfjalli. Áður hafði mikill hluti hans runnið í Krókána (88), um það bil á miðjum Eyrarnum, en eftir 1960 var hann búinn að brjóta sér leið sniðhalla yfir Eyrarnar og í Landána.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

¹⁴ Kjós í Jökulfjörðum. (Fjármálaráðuneytið – Fasteignamat, AA/7–2, Norður-Ísafjarðarsýsla, undirmat II 1916–1918, bls. 40).

¹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 159.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeiganda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hálfent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á máldögum, afsöлum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Kjós í Jökulfjörðum** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til eftirfarandi þinglýstra landamerkjabréfa sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjabréf fyrir Leiru og Kjós, þinglesið að Stað í Grunnavík 15. ágúst 1890 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu, einnig landamerkjabréf fyrir Kjós og Hrafnfjarðareyri, þinglesið að Stað í Grunnavík 15. ágúst 1890 og innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í mali 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Kjós** stendur í Jarðabók Árma Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 8 hundruð að dýrleika og að eigendi sé beneficium Staður í Grunnavík. Sama kemur fram í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 að jörðin sé 8 hundruð að dýrleika. Þá segir einnig í jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 að Kjós sé eign Staðarkirkju og sé 8 hundruð að dýrleika. Enn fremur segir að eyðijörðin Ljónsstaðir sé talin með og höfð til beitar.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málínu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Kjós í Jökulfjörðum**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Kjósar**, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tömlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns verið þinglýst athugasemda laust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Kjós í Jökulfjörðum** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er; **Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull**. Þjóðlendumkröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeiganda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirþrópið beinum eignarrétti. Landamerki **Kjósar** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Kröfugerð ríkisins virðist einvörðungu byggja á því að rétt sé að miða við 200 m hæðarlínu, án nokkurs viðhlítandi rökstuðnings fyrir því að með því eigi að víkja frá lýsingum í fyrirliggjandi heimildum um landamerki jarðarinnar **Kjósar**.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsa merkjum **Kjósar** ásamt fyrirliggjandi örnefnaskrám um jörðina. Telur landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki að þessu leyti, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt. Af landamerkjabréfum fyrir Leiru og Kjós frá árinu 1890 og fyrir Kjós og Hrafnfjarðareyri frá árinu 1890 og fyrirliggjandi örnefnaskrám fyrir jörðina Kjós og nágrannajörðina Leiru liggur ljóst fyrir að miða beri við vatnaskil þar sem Leirufjall og Kjósarnúpur skiljast að.

Landeigandi telur þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigandi áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Kjósar** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirþrópið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

 **LÖGMENN SUDURLANDI**


Smölun sauðfjár hefur ætið verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Kjós frá 1937
4. Örnefnaskrá Hallgríms Jónssonar frá Dynjanda um Kjós
5. Örnefnaskrá Dagbjarts Majassonar fyrir Kjós, dags. 26. október 1978
6. Örnefnaskrá Dagbjarts Majassonar fyrir jörðina Leiru sem ritaði, dags. 24. febrúar 1976
7. Þinglýsingarvottorð
8. Fasteignamatsvottorð
9. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað með greinargerð landeiganda. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22.03 2021

Ólafur Björnsson hr.

**Óbyggðanefnd
Hverfisgötu 4a
101 Reykjavík**

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eigenda Hrafnfjarðareyrar í Jökulfjörðum, L188870

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfu til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem felli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirsvar:

Eigendur jarðarinnar eru:

1. Guðmundur Karl Bergmann, kt. 011062-3699
2. Halldór Gíslason, kt. 080143-4279
3. Aðalheiður Halldórsdóttir, kt. 101111-2889
4. Bára Gisladóttir, kt. 131245-2119
5. Guðríður Gisladóttir, kt. 230849-4719
6. Páll Pálsson, kt. 419179-AAA0
7. Ætt Hjartar Guðmundssonar sf., kt. 481111-0800

Fyrirsvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjálýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjabréfs auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Frá sjó í Landsdeildarhóla (1) þaðan í miðjan Björnshrygg (2) þaðan beint til fjalls og fjallinu fylgt á vatnaskilum á móti Kjós og Leiru að jökuljaðrinum (3) þaðan er jökuljaðrinum fylgt að vatnaskilum á móti Furufirði á Nónfjalli (4) þaðan eftir vatnaskilum á Nónfjalli og Skorarheiði. Skorarvatn og Skorará ráða svo merkjum við Álfssstaði til sjávar (5).

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.a.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Hrafnfjarðareyri er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Þórólfs fasthalda, sem nam land frá Sandeyrará til Gýgjarsporsár, samkvæmt túlkun Haraldar Matthiassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra má ráða, að ætlunin hafi ekki verið að lýsa kröfu í land jarðarinnar og íslenska ríkið virðist fallast á að allt hið umdeilda svæði hafi verið innan upphaflegs landnáms á svæðinu.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðaneftir (Svæði 1-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigendur telja landamerkjalýsingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu. Landeigendur álíta að meginástæðan fyrir kröfu íslenska ríkisins í land innan landamerkjá jarðarinnar sé ólikur skilningur aðila á hugtakinu fjallsbrún.

Íslenska ríkið hefur áður deilt við landeigendur um skilning á hugtakinu fjallsbrún fyrir Óbyggðaneftir, t.a.m. í málínu nr. 3-4/2004 um Kjalarne og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segir í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

...Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til unnfjöllunar snertir einkum það álítaefni hvernig tilka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknun stað, t.d. í klettabrim. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. ...Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðaneftir um merkingu hugtaksins fjallsbrúm kemur fram að af dænum í sedlasafni Orðabókar Háskólangs megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknun stað. ...

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafnaði Óbyggðaneftir skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu bar íslenska ríkið ekki undir dómstóla.

Landeigendur telja að það sama eigi við í því máli sem hér er til úrlausnar.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkjá hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirþrópið beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðaneftir metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkjá jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkjá jarðarinnar verði dregin í efa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðapáttar Grágásar segir:

Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veðar og afréttu ef eru, og allra aðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfi. Siðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðapáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir ord gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skyld að ganga úr búsfárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki.

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisit hafa. Merkjagangan, sem framför eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvædi að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdaleusa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdaleusa landamerkja-lýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sömmunarþyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðaneftnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sömmunarþyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slikum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhasar þess margssinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra

merkja. Landeigendur telja ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi végfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfу sина á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Vísað er til málsméðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjala nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fásteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málstæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gesur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Löggemannsumboð

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2021

KRÖFULÝSING

f.h. eftirtalinna eigenda Furufjarðar á Ströndum, L173788

Inngangur:

Málavextir eru þeir að með tilkynningu í Lögbirtingablaðinu, sem birtist 9. október s.l., var skorað á eigendur jarða og annarra landsvæða í Ísafjarðarsýslum, svæði 10B, að lýsa kröfum til eignarréttinda sem þeir teldu sig eiga á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Frestur var veittur til 1. febrúar 2021, en fresturinn var síðar framlengdur til 1. mars s.l., enn síðar til 15. mars s.l. og síðan til dagsins í dag.

Aðild og fyrirvar:

Kröfulýsendur eru:

Reimar Hafsteinn Vilmundarson, kt. 090372-5489 f.h. db. Vilmundar Reimarssonar
Ásthildur Gunnarsdóttir, kt. 130241-4179

Halldís Gunnarsdóttir, kt. 110843-2679

Halldór Gunnarsson, kt. 290342-4499

Fyrirvarsmaður eiganda er Friðbjörn Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að Óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingu framlagðs þinglýsts landamerkjabréfs auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Úr Könnu (1) í Furufjarðarníp (2) þaðan fíallinu fylgt á vatnaskilum á móti Paralátursfirði uns komið er að jökuljaðri (3) þaðan er jökuljaðrinum fylgt að Nónfjalli þar sem vötnum hallar til Hrafnssjardareyrar (4), þaðan liggja merkin eftir Nónfjalli, yfir Skorarheiði miðja og í fjallgarð þann sem skilur milli Stranda og Jökulfjarða. Fjallgarðurinn (vatnaskil) ráða þangað til komið er að hornpunkti við Bolungavík í s.k. Bláfelli (5) en þaðan er vatnaskilum á móti Bolungavík fylgt að Ófæru (6).

Til vara krefjast landeigendur þess að Óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á.m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögum málkostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Furufjörður er forn jörð þó ekki sé jarðarinnar getið í Landnámu, en allt land jarðarinnar er innan landnáms Skjalda-Bjarnar, sem nam land frá Straumnesi til Dranga, samkvæmt túlkun Haraldar Matthíassonar í riti sínu Landið og landnáma.

Af kröfulýsingu fjármálaráðherra má ráða að íslenska ríkið telur si ekki gera kröfu í land Furufjarðar. Landeigandi telur svo ekki vera, eins og ráða má af kröfulýsingu hans.

Í almennum niðurstöðum Óbyggðaneftir (Svæði 1-9B) kemur fram á bls. VII, að nefndin telji, að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar, en hæpið að draga ályktanir á grundvelli takmarkaðra lýsinga Landnámu. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa verið staðfestar af dómstólum.

Landeigendur telja landamerkjalyssingu jarðarinnar sem og aðliggjandi jarða vera skýrar og greinargóðar. Fullyrðingu um annað í kröfulýsingu íslenska ríkisins er mótmælt sem röngu.

Gagnstætt því sem haldið er fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins eru ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja hennar hafa eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn benda til annars en að land, jarðarinnar hafi alla tíð verið undirþrópið beinum eignarrétti.

Landeigendur leggja áherslu á að þegar Óbyggðaneftir metur hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varða núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðja tilkall þeirra til beinna eignarréttu innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telja ljóst að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðarinnar verði dregin í esa.

Landeigendur vísa til þess að frá öndverðu hafa lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segir:

Ef madur ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veðar og afréttu ef eru, og allra aðæfæ þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, i annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land aðæfni. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segir um merkjagöngu:

Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir returnætur hinum næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nöttum fyrir. ... Eigi er skyld að ganga á merki þar er fjöll þau eru er

*vatn föll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búsjárgangi á fjöll upp.
Kveða skal þar á merki.*

Sambærilegt ákvæði er í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar var bréfun landakaupa lögskyld. Merkjalýsingar er þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveisist hafa. Merkjagangan, sem fram fór eftir kaup, hélt þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það var fyrst við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld höfðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því er staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verða ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggja kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eiga í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komu landeigendum þannig á óvart þar sem þeir hafa athugasemdausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft er í huga, að samkvæmt landamerkjalögum er opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styður það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdausri landamerka-lýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvílir þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskráinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómógulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan var rakið eru landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur halda því og fram að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margssinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telja ennsfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi végfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slik krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minna á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdaust.

Landeigendur hafa þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpíð fullkomnum eignarrétti þeirra og hafa aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinna

Vísað er til málsméðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991

Vísað er til landamerkjalauga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða lagannana um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim

Vísað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998


Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð



Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Þaralátursfjörður, lnr. 188967, fnr. 2327319, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Steinunn P Hafstað kt. 200347-4129

Sigríður Þorvaldsdóttir kt. 221229-6819

Baldur Sigurðsson kt. 080952-4739

Valgerður Ingibjörg Hafstað kt. 140763-4709

Baldur Hafstað kt. 180548-3279

Gísli Sigurðsson kt. 270959-5129

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda með umboði frá Sigríði Þorvaldsdóttur, Baldri Sigurðssyni, Valgerði Ingibjörgu Hafstað, Baldri Hafstað og Gísla Sigurðssyni.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Þaralátursfjarðar á Ströndum**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu eftirfarandi heimildarskjölum, sbr. framlagt kröfulínukort ásamt hornpunktaskrá, þ.e. vísað er til landamerkjrabréfs fyrir Furufjörð á Ströndum frá 27. desember 1885, samþykkt af eigendum Þaralátursfjarðar, þar sem segir:

Ørnefni milli nefndrar jarðar og Þaralátursfjarðar það er klettur við sjó, nefndur Kanna, undir Furufjardarnúp, sem skiptir reka milli téðra jarða, úr nefndum kletti beina sjónhending uppá brún, og svo eptir hæsta fjallhrygg austanvert fjarðarins og vestur á miðja Skorarheiði.

Einnig er vísað til landamerkjrabréfi fyrir Reykjarfjörð á Ströndum frá 8. janúar 1892, samþykkt af eigendum Þaralátursfjarðar, þar sem segir:

Milli Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppi, svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni.

Jafnframt er vísað til Örnefnaskrár fyrir Þaralátursfjörð skráð af Jóhanni Hjaltasyni haustið 1937 og Örnefnaskrá fyrir Þaralátursfjörð skráð af Guðfinni Jakobssyni í október 1976, ásamt viðbótum, dags. 7. janúar 1977.

 **LÖGMENN SUDURLANDI**

Þá er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar **Paralátursfjarðar**, hafnað og þess krafist að innan landamerka jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunar á Mýrum í Dýrafirði, þann 23. ágúst 1650:

Anno 1650 þann 23 Augusti uplesenn og stadfe[st] fyrstu Visitationis mäldage og reikningur kirkunnar ad Myrum i Dyrafirde sem skrifadur var 1639 og samann borenn vid Vilkinz bok og Visitatiu bok Herra Gysla og be[ra] saman so miked, sem sierhuor til tekur vmm fastaeign og Jto[k] kirkunar,

[...]

Vr Visitatiu bokenne, a til ad leggia, ad kirkian ä torfskurd i Gardaland so mykenn sem vill

[...]

Þæ reiknast ad seliest quigillde xxiiij, þar upi giallda erfjingga Saluga Jonz Magnussonar kirkiane ad myrum til æfínlegrar eignar Jordena **Paraläturnz fiord vi hnadr. ad Dyrleika** fyrer niju quigillde, frij tollver fyrer áttært skip mz ollum ver gognum, ristu, stungu, budargiord, og þui ódru sem Naudsynlega mz þarf, i Skalavyk i Minna backa Lande, fyrer v. quigillde,

[...].¹

Í vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar um allt Skálholtsbiskupsdæmi 1675–1690, segir m.a. eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunar á Mýrum í Dýrafirði, þann 5. september 1689:

Anno ut Supra þann 5. Septembris, Visiterade profasturinn i Arnessþinge Sr Thorsteirn Gunnarsson i ummbode Heidurlegt og Hälærds Herra Mag. Þördar Thorlakssonar kyrkiuna ad Mýrnum i Dýrafirde. Hun a utann sig, effter Visitatiu bök M. Brýniulfss Sveinssonar dat. 1639. xx hndr. i Heimalande, fell xij hndr. **Jtem Paraläturni Þiord vj hnadr. ad Dyrleika [...].²**

Í vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719, segir m.a. eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunar á Mýrum í Dýrafirði, þann 25. ágúst 1700:

Anno Ut Supra d 25 Augusti Visiterdur Kyrkiann ad Mýrum i Dýrafirde

[...]

¹ Mýrar í Dýrafirði. 23. ágúst 1650. (Bps. A. II, 6. Vísitasíubók Brynjólfss biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 183–187).

² Mýrar í Dýrafirði. 5. september 1689. (Bps. A. II, 11. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar um allt Skálholtsbiskupsdæmi 1675–1690, bls. 702–706).


LÖGMENN SUÐURLANDI

Þessar Eigner og Jtök á kyrkiann xx hndr. i Heimalande Fell xij hndr. **Þaralátursfiðr vj hndr. ad Dyrleika, [...].³**

Í vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar yfir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðunga 1723–1742, segir m.a. eftifarandi um eignir og ítök kirkjunar á Mýrum í Dýrafirði, þann 28. ágúst 1725:

Mýrar í Dyrafyrde,

Kirkian ad Myrum i Dyrafyrde, ä 20 hndr. i Heimalande Jórdene Fell, og rekavik ä Ströndum, og **Þaralátursfiðr 6 hndr. [...].⁴**

Í vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, segir m.a. eftifarandi um eignir og ítök kirkjunar á Mýrum í Dýrafirði, þann 11. september 1749:

Anno 1749 þan 11ta Septembris Visiterud Kirkian ad Myrum vid Dyrafiord. Hun ä 20 hndr. j Heima Lande. Fell 12 hndr. **Þaralátursfiðr 6 hndr. [...].⁵**

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir um Þaralátursfjörð að hún sé metin 6 hdr. að dýrleika og eigandi sé Mýrkirkja, enn fremur segir að auk sýslumanns og prests nefnir A. M. einn jörðu þessa, sem er fyrir norðan Hornstrandir.⁶

Í jarðamati 1849-1850 segir um Þaralátursfjörð á Ströndum:

1849. Augúst 20 var jardamatsþíng sett ad stad í Grunnavík af Sýslumanni Ísfirdíng – hvar þá – var fyrirtekid:

ad meta jardir allar í Grunnavíkur hrepp ad dalatali.

[...]

7. Þaralátursfjörður.

Þetta kot er í eyðifirði og má heita med óllu óbýggilegt, fyrir grasleysis og allrar óhægdar sakir.⁷

Í vísitasíubók Helga biskups Thordersen um Ísafjarðarsýslu 1852, segir m.a. eftifarandi um eignir og ítök kirkjunar á Mýrum í Dýrafirði, þann 14. júlí 1852:

Ar 1852 dag 14da júlim. visiteradi Biskupinn H. G. Thordersen, Riddari af Dannebroge, kirkjuna á Myrum í Dyrafirði, hún á 20 hndr. í heimalandi, Fell 12 hndr., **Þaralátursfjörð 6 hndr. [...].⁸**

Þann 8. janúar 1858, á Æðey var skráð sátt um landamerki Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar á Ströndum, en þar segir:

Hjer med játa jeg undirskrifadi, ad jeg ad fullu eptir sáttgjarnri Prívat forlíkun milli okkar mín, og Sgr. Kristjáns Ebenesírssónar í Reikjarfirði í Vatnsfjarðarsveit, lofa að heimta aldrei, við eður aðra gagnsemd sem að landi kann að bera, á Þrætuparti þeim, sem hefur verið milli egnarjarðar minnar Reikjarfjarðar á svokölluðum Ströndum í Grunnavíkurhrepp, og Þaralátursfjarðar í sama hrepp (Kölluð Mýra Kyrku

³ Mýrar í Dýrafirði. 25. ágúst 1700. (Bps. A. II, 14. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699–1705 og 1710–1719 I, bls. 59v–60v).

⁴ Mýrar í Dýrafirði. 28. ágúst 1725. (Bps. A. II, 16. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar yfir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðunga 1723–1742, Örk III, bls. 456–459).

⁵ Mýrar í Dýrafirði. 11. september 1749. (Bps. A. II, 19. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748–1752, II. hluti, bls. 47–49).

⁶ Jón Johnsen, *Jardatal á Íslandi*. Kaupmannahöll, 1847, bls. 204.

⁷ Oddsflót í Grunnavík (Kerlingarstaðir), Kollsá í Jökulfjörðum, Álfstaðir í Hrafnsfirði, Steig í Veiðileysufirði, Marðareyri við Veiðileysufjörð, Smíðjuvík á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum, Reykjarfjörður á Ströndum, Kirkjuból á Ströndum. (Íslenska stjórnardeildin, J/2–6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

⁸ Mýrar í Dýrafirði. 14. júlí 1852. (Bps. C. I, 2. Vísitasíubók Helga biskups Thordersen um Ísafjarðarsýslu 1852, bls. 21–24).

 **LÖGMENN SUDURLANDI**

eign) liggjandi norðanvert við Dyrafjörð í vestra Prófastsdæmi Þessarar sýslu, en þrætupartur sá sem meðfylgjandi brjef umgetur er af bæði ábúendum beggja jarðanna og allra kunnugra sögusogn sem og minni eigin, lans og fjörustykkið með tilheyrandi sjó eptir lögum, frá Viðarskalavík í Kjellingarvík í Kjellingardýr eða gil það er lækur rennur eptir ofaní Kjellingarvík frá fjallsbrún til fjöru, því játa jeg og segi læk þenna eða dýr (eptir málðaganum) gildandi landamerki milli beggja ofannefndra jarða mína lífstíð

Þessari minni játingu til staðfestu er nafn mitt og hjá rett innsigli

Æðey 8 Janúar 1858. Á Jónsson (administrator)

Vottar að gjörning þessum eru viðstaddir E. Vernharðson Mattías Jónsson⁹

Þann 9. júlí 1878 skipaði sýlumaðurinn á Ísafirði St. Bjarnarson, þá Vagn Ebbenezerson á Dynjanda, Jens Sigfusson á Hrafnfjarðareyri, Bæring Vagnsson í Furufirði og Þolleifar Einarsson í Barðsvík til þess að gjöra áreið á landamerki Reykjarfjarðar á Ströndum og Þaralátursfjarðar vegna ágreinings milli jarðanna. Þar segir:

Þareð ágreiningur er milli jarðanna Reykjarfjarðar á Ströndum og Þaralátursfjarðar, báðar jarðirnar liggjandi í Grunnavíkurhrepp út úr landamerkjum milli tjeðra jarða, þá útnefni jeg yður herra Vagn Ebbenezerson á Dynjanda, yður herra Jens Sigfusson á Hrafnfjarðareyri yður herra Bæring Vagnsson í Furufirði og yður herra Þolleifar Einarsson í Barðsvík til þess að gjöra áreið á land þetta og segja yðar álit um hvar hvar landmerkin muni vera samkvæmt sætt að Æðey 8 januar 1858, eptir hverri eigandi Reykjarfjarðar afstendur og eptirgefur lands og fjörustykkið frá Viðarskálavík til læks þess sem rennur úr Kellingardýrum ofan í Kjellingarvík, og meigi þjer búast við að verða að staðfesta framburð yðar hjerum með yðar sáluhjálpareiði þá krafist verður.

Þessu til staðfestu er mitt eiginhandar undirskrifað nafn

Skrifstofu Isafjarðarsýslu 9. júlí 1878.

St. Bjarnarson

Athugasemd. Herra Rosinkar Arnason í Æðey krefst áreiðarinnar og verður því að borga hinn þarafleiðandi kostnað. –

St. Bjarnarson¹⁰

Þann 2. júlí 1878 fór áreið á landamerki jarðanna Þaralátursfjarðar og Reikjarfjarðar fram samkvæmt skipun síslumans St. Biarnasonar á Ísafirði, þar segir:

Ár 1878. fimtudaginn 2. Júlí vorum undirskrifaðir saman kom[n]ir samkvæmt skipun síslumans St. Biarnasonar Isafirði til að álíta hvur landamerki mundi vera milli jarðanna, Þaralátursfjarðar og Reikjarfjarðar samkvæmt sætt að Æðey dagsettri 8. Janúar 1858, sem sögð eru þar beint úr Kjellingarvík í Kjellingardýr eða skarð það sem uppf vikinni á að vera í fjallsbrún, og álitum við samkvæmt skilríkjum sem vid höfdum að vafalaust væri að Kjellíngardýr væru skarð það sem er uppf midri Kéllingarvík og að þar sjeu hin umtöluðu landamerki og hlóðum við vörðu á steini nidur undan skarði því í fjallsbrún uppf Kjellingarvík miðri og gjörðu hlutegindur sig ánægða með þessi landamerki og var til staðar settur fyrir mýrakyrkju Arnór Hannesson Höfðaströnd

Staddir í Kjellíngarvík á Ströndum

Arnór Hannesson

⁹ Reykjarfjörður á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum. 8. janúar 1858. (Jarðaskjöl, A/16-97).

¹⁰ Reykjarfjörður á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum. 9. júlí 1878. (Jarðaskjöl, A/16-95).

 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

Rósinkar Arnason

Vagn Ebbenezerson handsalað

Jens Sigfússon handsal

Bæríng Vagnsson handsalað

Þorleifur Einarsson handsalað¹¹

Landamerkjabréf Furufjarðar á Ströndum er dags. 27. desember 1885, en þar er merkjum milli Furufjarðar og Þaralátursfjárðar lýst:

Ørnefni milli nefndrar jarðar og Þaralátursfjárðar það er klettur við sjó, nefndur Kanna, undir Furufjarðarnúp, sem skiptir reka milli téðra jarða, úr nefndum kletti beina sjónhending uppá brún, og svo eptir hæsta fjallhrygg austanvert fjarðarins og vestur á miðja Skorarheiði.¹²

Landamerkjabréf Reykjavíjkjarðar á Ströndum er dags. 8. janúar 1892, en þar er merkjum milli Reykjavíjkjarðar og Þaralátursfjárðar lýst:

Milli Reykjavíjkjarðar og Þaralátursfjárðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppí, svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni.¹³

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, segir um Þaralátursfjörð:

27 Fyrirtekið að meta eyði jörðina Þaralátursfjörður Nr 22 6 hndr. f.m.

Eigandi: Baldur Sveinsson kennari Ísafirði

Lýsing jarðarinnar

Túnið litið og i órækt

Útengi: Grasgefið, en ósamfelt

Jörðin er húsalaus og í eyði nú sem stendur. Hefur verið keypt 1916 fyrir 2300 kr í þeim tilgangi að reka frá henni sildveiðar

% 1700 Mat: 2300 krónur = (600 kr.) aths ymn.

pt. Ísafirði, 8. des 1917

[...].¹⁴

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir einnig eftirfarandi:

Eyðijarðir eru: [...] og Snodskot í Þaralátursfirði á Ströndum.¹⁵

Í örnefnaskrá fyrir Þaralátursfjörð skráð af Jóhanni Hjaltasyni haustið 1937 segir eftirfarandi:

Suðaustan undir Svartaskarðsheiði er Þaralátursfjörður, með stefnu í suðvestur [...] Gróðursnautt láglendi inn frá fjarðarbotninum. Er það mest megnis sandur ógróinn og sundurtættur af ám og lækjum. Skriðjökull frá Drangajökli teygist niður í dalbotninn, sem þar verður inn af firðinum, og er því skollitað jökulvatn í ánni eða ósnum, er rennur undan jöklinum. [...]

¹¹ Reykjavíjkjarður á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum. 2. júlí 1878. (Jarðaskjöl, A/16-96).

¹² Furufjörður á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/I, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 67).

¹³ Reykjavíjkjarður á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/I, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 226).

¹⁴ Þaralátursfjörður á Ströndum. (Fjármálaráðuneytið – Fasteignamat, A/A/7-2, Norður-Ísafjarðarsýsla, undirmat II 1916-1918, bls. 51).

¹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfizkra átttagafélaga (1952), bls. 161.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Landamerki eru við **Furufjarðarnúp, þar sem heita Haugssker** (1). Skerin eru dálitið innan við nýpstána, kúpt úr sjó og draga sennilega nafn sitt af því. [...]

Jörðin er mesta örreytiskot og hefur oft verið í eyði langtínum saman, bæði fyrr og síðar. [...] Fyrir framan bæ er svo nefnt Leiti (16) neðarlega í hlíðinni. Þar upp af eru hjallar margir, hver upp af öðrum og er nokkurt gralendi á neðstu hjöllunum, en hinir efri og efstu eru með öllu gróðurlausir og ekki annað en eilifar grjóturðir. Þar heitir **Svartaskarðsheiði** (17). Heiðin er um 500 m há og hin versta yfir ferðar, þó eigi sé hún löng, eða aðeins háls á milli fjarða. [...] Á rennur þar niður frá skriðjöklinum, og heitir **hún Blanda** (30). Fyrir framan hana eru Fremrienni (31), en fram og suður af þeim eru svo kallaðir Jökuldalir (32). Eftir þeim fellur skolug og svipljót jökulá, sem kölluð er Ljót (33). [...] Sunnan við ána Ljót er svo nefnd Grænahlíð (34) og upp af henni Jökulhjalli (35). Þá tekur við áður nefndur Þaralátursós (36), sem rennur í Gljúfrum (37) á þessu svæði.

Niður hjá Gljúfrunum úr suðurátt rennur á, sem kölluð er Þverá (38). Austur af henni er fjallið **Hálsbunga** (39) [...]. Hálsinn þar út og upp af nefnist **Reykjarfjarðarháls** (43). [...]

Þar fyrir utan er Kerlingarhöfði (57) og **Kerlingarvík** (58). Þar eru landamerki á milli Þaralátursfjarðar og Reykjarfjarðar, en sumir segja að Reykjarfjörður hafi ekki fyrrum átt land svo langt inn eftir nesinu.

Ath. Í jarðabók Á.M. segir m.a.:

Þaralátursfjörður. Forn eyðijörð, hefur ei byggst í manna minni.

Dýrleikinn 6 hundr., eftir því sem menn heyrt hafa af sér eldri mönnum. Eigandinn Mýrarkirkja í Dýrafirði og proprietarii þar til. Ekki vita menn með hvað hátti landskuld eða mörgum kúgildum að þessi jörð hafi byggð verið, en hér um fyrir ellefu árum tók einn maður þetta eyðiból með þeim skilmálum, að hann skyldi byggja upp hús á sinn kost af rekanum og búa á leigulaust í 3 ár, en gjalda síðan 5 aura í landskuld. Þessi maður byggði upp 2 hústóftir í landinu langt þar frá sem bærinn hafði áður verið, en flutti sig ekki þangað, og urðu því ekki byggingarskilmálar efndir.

Rekavon lítil, heppnast sjaldan til stórra gagnsmuna, er og óvist hvörr þess nýtur, sem að upp kann að bera, því að proprietarius er í fjarska, en hvali vita menn ekki að hér hafi rekið.

Ekki ætla menn að þessi eyðijörð muni aftur byggjast, því að slægjur eru mjög af sér gengnar fyrir skriðum og grjóti. Túnstæði ekkert eða lítið og stórlega erfitt heimræði.

Landið brúkar nú enginn í margt ár.

Í örnefnaskrá fyrir Þaralátursfjörður skráð af Guðfinni Jakobssyni í október 1976, ásamt viðbætum, dags. 7. janúar 1977, segir eftirfarandi:

Þaralátursfjörður (1) er á milli Furufjarðar og Reykjarfjarðar. Í landamerkjabréfi fyrir Reykjarfjörður segir svo: Milli Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri **Kerlingarvík** (2), og svo sjónhending upp í svokallaðar **Kerlingardyr** (3) í fjallsbrúninni. Bréf þetta er undirskrifnað Reykjarfirði 8. jan. 1892, Ragnhildur Jakobsdóttir, eigandi Reykjarfjarðar, jeg undirritaður Jens Sigfusson á Þaralátursfirði. Rétt eftirrit staðfestir Magnús Torfason.-

Landamerkjavarða (4), Kerlingarhein (5). [...]

Reykjarfjarðarháls (12) er fjallið austan við Þaralátursfjörður. [...]

Nú breikkar landið og verður sem dalur. Heitir það Fjarðarhvammur (35) [...] Fremst í Fjarðarhvammi heitir Fjarðarhorn (36), og þar upp af Hornhjalli (37) og **fjallið Hálsbunga** (38) allra efst. [...]

Jökulárgljúfur (13) eru auðþekkt, djúp og skuggaleg. Jökulhjallar (44) eru upp með ánni að sunnanverðu. Jökulsporður (45). þar sem áin kemur undan jökli, - Drangjökull (46) [...] Þá kemur áin Ljót (48). Hún kemur undan jökli ofarlega á **Svartaskarðsheiði** (49), sem er fjallið á milli Furufjarðar og Þaralátursfjarðar. Upptök Ljótar eru í stöðuvatni eða jökullóni, sem ekki er að öllu leyti ennþá komið

LÖGMENN SUÐURLANDI

undan jöklinum 1976. [...] Svo heita Sléttur (55) og enn ofar kallast Skarðshjallar (56), þeir eru þrír að tölum og stutt er á milli þeirra. Þá er Svartaskarð (57). [...] Efsta hæðin á Svartaskarðsheiði utan við það er norðaustan við Svartaskarð, heitir Ernir (58). [...]

Furufjarðarnúpur (110) skilur að firðina. Undir núpnum, allra yzt, stendur hinn sérkennileg klettur Kanna(111). [...] Aðeins ofar í fjörunni er mjór og allhár klettur, kallast hann Standur (112). Uppi í klettum er sylla, nefnd Ófæruhilla (113). Sæta varð sjávarföllum til að komast landveg fyrir núpinn. Þar heitir Núpsófæra (114), venjulega kallað bara Ófæra (115).

Þá er komið að landamerkjum á millum Furufjarðar og Þaralátursfjarðar. [...]

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarliga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Þaralátursfjörð á Ströndum** sem vísað er hér til, m.a. örnefnaskráa. Einnig er vísað til eftirfarandi þinglýstra landamerkjabréfa sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjabréf fyrir Furufjörð og á Ströndum, innkomið til þinglesturs 13. september 1887, innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu og landamerkjabréf fyrir Reykjafjörð og á Ströndum, innkomið til þinglesturs 6. september 1892, innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu.

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir Þaralátursfjörð í heild sinni, en rétt er að nefna í þessu tilliti að á svæðinu virðist hafa tíðkast að landamerkjum hafi verið lýst sameiginlega fyrir nágrannajarðir, líkt og gert var í landamerkjabréfi Furufjarðar fyrir Furufjörð og Þaralátursfjörð og landamerkjabréfi Reykjafjarðar fyrir Reykjafjörð og Þaralátursfjörð samkvæmt framangreindu, en síður gerð landamerkjabréf þar sem heildarlandamerkjum tiltekinnar jarðar út af fyrir sig var lýst.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Þaralátursfjörð** stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og að eigandi sé Mýrarkirkja í Dýrafirði og proprietarii þar til. Í jarðatali Johnsens frá 1847, kemur einnig fram að jörðin sé 6 hundruð að dýrleika og Mýrarkirkjueign.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Þaralátursfirði**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mírir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Þaralátursfjarðar**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsingu jarðarinnar.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Þaralátursfjörður** er ein þeirra jarða sem á land sem liggar innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Dalsheiði**, **Snaefjallaheiði**, **Jökuldalir** og **Drangajökull**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Landamerki **Þaralátursfjarðar** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Þaralátursfjarðar** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Umbjóðendur míni telja að íslenska ríkið hafi með kröfum sínum, sem tekur til alls landssvæðis **Þaralátursfjarðar**, ekki gætt gætt meðahófsreglu eða rannsóknareglu stjórnsýslulaga. Krafan tekur til alls landsvæðis jarðarinnar, án þess að þar sé að finna sérstaka ástæður fyrir svo íþyngjandi kröfugerð af hálfu ríkisins. Virðist íslenska ríkið byggja kröfugerð sína á því að ekki hafi verið getið um jörðina í sóknarlýsingum og því að landamerkjabréf jarðarinnar liggi ekki fyrir. Einnig er vísað til þess af hálfu ríkisins að jörðin hafi ekki verið lengi í byggð og saga búskapar á henni í nútíma stutt og að sveitarfélagið virðist hafa selt hana í byrjun 20. aldar. Jafnframt segir í kröfulýsingu ríkisins að erfitt hafi verið að ráða merki jarðarinnar, þrátt fyrir að hennar sé getið í landamerkjabréfum Furufjarðar og Reykjarfjarðar.

Í þessu sambandi vilja umbjóðendur míni sérstaklega benda á að þótt sérstakt landamerkjabréf finnist ekki fyrir jörðina sé landamerkjum jarðarinnar vissulega lýst í landamerkjabréfum fyrir jarðirnar Furufjörð og Reykjarfjörð, sem eru aðliggjandi henni á báðar hliðar. Í landamerkjabréfi fyrir Furufjörð

 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

er merkjum milli Furufjarðar og Þaralátursfjarðar lýst með eftirfarandi hætti; *frá kletti við sjó, nefndum Könnu, og beina sjónhendingu úr honum uppá brún og svo efir hæðsta fjallhrygg austanvart Furufjarðar. Telja umbjóðendur mírir þessa lýsingu mjög skýra um að landamerki Þaralátursfjarðar nái allt frá sjó og upp að jökul efir hæðstu hæðum á vatnaskilum milli Furufjarðar og Þaralátursfjarðar.* Einnig er merkjum milli Þaralátursfjarðar og Reykjavíkjarðar lýst í landamerkjabréfi Reykjavíkjarðar með eftirfarandi hætti; *varða sem stendur í miðri Kerlingarvík og svo sjónhending uppi svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni.* Hér er um augljós kennileiti að ræða, og hefði íslenska ríkinu mátt vera það ljóst að innan þessara merkja væru landamerki jarðarinnar Þaralátursfjarðar. Það breytir ekki eignaréttarlegri stöðu jarðarinnar að jörðin hafi legið í eyði, enda ljóst að hún var háð beinum eignarrétti samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, sbr. meðal annars lýsingar í Jarðabók Árna og Páls og jarðatali Johnsens.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsa merkjum Þaralátursfjarðar ásamt fyrirliggjandi örnefnaskrám um jörðina. Telja landeigendur rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki að þessu leyti, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt.

Landeigendur telja þannig rétt að **vatnaskil ráði merkjum**, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í málí 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:


1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Þaralátursfjörð frá 1937
4. Örnefnaskrá Guðfinns Jakobssonar fyrir Þaralátursfjörð frá 1976, ásamt viðbætum frá 1977
5. Þinglýsingarvottorð
6. Fasteignamatvottorð
7. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mírir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Selfossi 22. 03 2021


Ólafur Björnsson hfl.



ALMENN RÁDGJÓF



FASTEIGNASALA



Kröfulýsing
til
óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Reykjarfjörður ásamt Sæbóli, lnr. 188960, fnr. 2250282, Ísafjarðarbæ.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Elín Elísabet Ragnarsdóttir	kt. 051178-4839
Steinunn Ragnarsdóttir	kt. 090667-4599
Reynir Ragnarsson	kt. 210357-5139
Ragnheiður I Ragnarsdóttir	kt. 241172-3179
Kjartan Ragnarsson	kt. 251260-3469
Guðmundur Ketill Guðfinnsson	kt. 151247-4079
Hallgrímur Guðfinnsson	kt. 161150-5419
Erla Jóhannesdóttir	kt. 210855-3199
Þróstur Jóhannesson	kt. 210855-3279

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindra jarða hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðanna **Reykjafjarðar og Sæbóls á Ströndum**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðanna séu samkvæmt eftirtöldum heimildum, sbr. framlagt kröfulíukort ásamt hornpunktaskrá:

Landamerkjabréfi fyrir Reykjavík á Ströndum frá 8. janúar 1892, þar sem segir:

Milli Reykjavíkjarðar og Paralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppi, svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni. Að austanverðu skilur Reykjavíkjarður og Sæbólsland á, sem rennur frá fjalli til fjöru.

Landamerkjabréfi fyrir Sæból á Ströndum frá 8. janúar 1892, þar sem segir:

Milli Reykjavíkjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austanverðu skilur Sæból og Skjaldbjarnarvíkurland klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsgnúp.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðanna **Reykjavíkjarðar og Sæbóls**, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

LÖGMENN SUDURLANDI

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi umbjóðendum mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindra jarða, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðanna, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Reykjafjörð:

Reykiarfíördur, í eyði síðan bóluna

Jarðdýrleiki xii c [...]

Eigandi Sæmundur Magnússon að Hóli í Bolungarvík

[...]¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, um Kirkjuból segir um landssvæðið:

[...]

Knyttelsstader eður **Knippelsstadir** heitir eitt örmefti, sem liggur við Rekjafjarðarós nærrí fram undir jöklum. Þar er sagt að fornu hafi bygð verið, og sjest þar enn deili til tóftarústa, en þó er þetta pláts mest alt afbrotið og eyðilagt af nefndum Reykjafjarðarós og má því ekki aftur byggja.

NB. Ekki vita nálægir í hvorrrar jarðar landi Reykjafjarðar eður Kikjubóls þetta eyðiból liggur nú. Því að ósinn, sá sem þetta eyðiból hefur af brotið, eru landamerki millum nefndra jarða.

Sæbool forntr eyðiból hjer í landinu út við sjóinn. Þar sjást enn ljós merki til byggingaleifa af tóftarústum og garðaleifum, en hefur þó aldrei bygð verið það menn vita frá gamallri tíð, en landið brúkaði Kirkjuból meðan það var byggt.

[...]²

Í jarðamati 1804 segir um Reykjafjörð á Ströndum:

Reikiarfjordur

Selvejer Jord 2de Bonder her i Sysselet

Dyrhed 12 hndr.

Aaret 1804. ubeboet

[...]

Af Fieldgræs kan tages 2 Tder aarlig. –

Selhundefangst som afgiver 2/15 Tder Tran. –

Driftömmer falder her til Værdie 2rd pr Aar –

ligesaa 2 Hvale i 50 Aar. –

Hiemme- og Ud-mark er under kastet Sandfog og Soebrud. –

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 314.

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 315-316.

❧ LÖGMENN SUÐURLANDI

p. n. her holdes 4 Lam.³

Í jarðamati 1804 segir um Kirkjuból á Ströndum og Sæból á Ströndum:

Kirkebool

Selvejer Jord tilhørende Ejerne af foregaaende

Dyrhed 10 hndr.

har i endeel aar været ubeboet og brugt med Reikiarfjord /:No 12:/

[...]

Drivtommer falder her til samme Værdie som ved foregaaende, men da samme tilhører adskiellige Kirker bliver der for intet ad udføre. –

p n her holdes 8 lam.

Her i Nærheden ere de 2de øde Jorder Knyttelstad og Sæbool beliggende; af hvilke den første er combineret med Reikiarfjord og den anden med Kirkebool. –⁴

Í jarðatali Johnsns frá 1842 segir að Reykjafjörður sé í beneficium, metin til 12 hdr. að dýrleika, þar segir enn fremur:

Á milli Reykjafjarðar og Furufjarðar telja jarðabækurnar Kirkjuból, bænda eign (A. M. 10 h að dýrleika, 30 al Isk.), en 1805 segir, að jörð þessi, Knyttilstaðir (A. M. forn eyðijörð við Reykjafjarðarós, sem enginn viti hver eigi) og Sæból (A. M. forn eyðijörð í Sigluvík, fyrir utan Geirshólma, sem er takmark milli Ísafjarðar og Stranda sýslu) sé brúkaðar með Reykjafirði, og nefnir sýslumaður af þessum eyðijörðum nú aðeins Kirkjuból, er hann einn segir „þingeyra klausturs eign“, og nú (1845) í eyði.⁵

Í jarðamati 1849-1850 segir um Reykjarfjörð og Kirkjuból á Ströndum:

1849. Augúst 20 var jardamatsþíng sett ad stad í Grunnavík af Sýslumanni Ísfirdíngi – hvar þá – var fyrirtekid:

ad meta jardir allar í Grunnavíkur hrepp ad dalatali.

[...]

8. Reykjarfjördur.

Þad er slægnaleysi og tún eýdt fyrir sandi sem mjóg heidra gædum jardar þessarar, sem eru selveidi allgód og reki.

9. Kirkjuból.

Þad er hættujórd og ad flestu ill en hid eina sem mælir þar med er reki sá sem er í Sigluvík sem nú er þó ekki leigdur med Kirkjubóli. –⁶

Þann 8. janúar 1858, á Æðey var skráð sátt um landamerki Reykjafjarðar og Þaralátursfjarðar á Ströndum, en þar segir:

Hjer med játa jeg undirskrifadi, ad jeg ad fullu eptir sáttgjarnri Prívat forlíkun milli okkar míni, og Sgr. Kristjáns Ebenesíssonar í Reikjafirði í Vatnsfjarðarsveit, lofa að heimta aldrei, við eður aðra gagnsemd sem að landi kann að bera, á Þrætuparti þeim, sem hefur verið milli egnarjarðar minnar Reikjafjarðar á

³ Reykjafjörður á Ströndum. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802-1804, bls. 123v).

⁴ Kirkjuból á Ströndum, Sæból á Ströndum. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802-1804, bls. 124v).

⁵ Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 203.

⁶ Oddsflót í Grunnavík (Kerlingarstaðir), Kollsá í Jökulfjörðum, Álfstaðir í Hrafnsfjörði, Steig í Veiðileysufjörði, Marðareyri við Veiðileysufjörð, Smiðjuvík á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum, Reykjarfjörður á Ströndum, Kirkjuból á Ströndum. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849-1850, án blaðsíðutals).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

svokölluðum Ströndum í Grunnavíkurhrepp, og Þaralátursfjarðar í sama hrepp (Kölluð Mýra Kyrkjú eign) liggjandi norðanvert við Dyrafjörð í vestra Prófastsdæmi Þessarar sýslu, en Þrætupartur sá sem meðfylgjandi brjef umgetur er af bæði ábúendum beggja jarðanna og allra kunnugra sögusogn sem og minni eigin, lans og fjörustykkið með tilheyrandi sjó eptir lögum, frá Viðarskalavík í Kjellingardýr eða gil það er lækur rennur eptir ofaní Kjellingarvík frá fjallsbrún til fjöru, því játa jeg og segi læk þenna eða dýr (eptir máldaganum) gildandi landamerki milli beggja ofannefndra jarða mína lífstið

Þessari minni játningu til staðfestu er nafn mitt og hjá rett innsigli

Æðey 8 Janúar 1858. Á Jónsson (administrator)

Vottar að gjörning þessum eru viðstaddir E. Vernharðson Mattías Jónsson⁷

Þann 9. júlí 1878 skipaði sýslumaðurinn á Ísafirði St. Bjarnarson, þá Vagn Ebbenezerson á Dynjanda, Jens Sigfússon á Hrafnfjarðareyri, Bæring Vagnsson í Furufirði og Þolleifar Einarsson í Barðsvík til þess að gjöra áreið á landamerki Reykjarfjarðar á Ströndum og Þaralátursfjarðar vegna ágreinings milli jarðanna. Þar segir:

Þareð ágreiningur er milli jarðanna Reykjarfjarðar á Ströndum og Þaralátursfjarðar, báðar jarðirnar liggjandi í Grunnavíkurhrepp út úr landamerkjum milli tjeðra jarða, þá útnefni jeg yður herra Vagn Ebbenezerson á Dynjanda, yður herra Jens Sigfússon á Hrafnfjarðareyri yður herra Bæring Vagnsson í Furufirði og yður herra Þolleifar Einarsson í Barðsvík til þess að gjöra áreið á land þetta og segja yðar álit um hvar hvar landmerkin muni vera samkvæmt sætt að Æðey 8 januar 1858, eptir hverri eigandi Reykjarfjarðar afstendur og eptirgefur lands og fjörustykkið frá Viðarskálavík til læks þess sem rennur úr Kellingardýrum ofan í Kellingarvík, og meigi þjer búast við að verða að staðfesta framburð yðar hjerum með yðar sáluhjálpareiði þá krafist verður.

Þessu til staðfestu er mitt eiginhandar undirskrifanað nafn

Skrifstofu Isafjarðarsýslu 9. júlí 1878.

St. Bjarnarson

Athugasemd. Herra Rosinkar Arnason í Æðey krefst áreiðarinnar og verður því að borga hinn þarfleioðandi kostnað.—

St. Bjarnarson⁸

Þann 2. júlí 1878 fór áreið á landamerki jarðanna Þaralátursfjarðar og Reikjarfjarðar fram samkvæmt skipun síslumans St. Biarnasonar á Ísafirði, þar segir:

Ár 1878. fimtudaginn 2. Júlí vorum undirskrifir saman kom[n]ir samkvæmt skipun síslumans St. Biarnasonar Isafirði til að álita hvur landamerki mundi vera milli jarðanna, Þaralátursfjarðar og Reikjarfjarðar samkvæmt sætt að Æðey dagsettri 8. Janúar 1858, sem sögð eru þar beint úr Kjellingarvík í Kjellingardýr eða skarð það sem uppfaf víkinni á að vera í fjallsbrún, og álitum við samkvæmt skilríkjum sem vid höfdum að vafalaust væri að Kjellíngardýr væru skarð það sem er uppfaf midri Kéllingarvík og að þar sjeu hin umtöluðu landamerki og hlóðum við vörðu á steini nidur undan skarði því í fjallsbrún uppfaf Kjellingarvík miðri og gjörðu hlutegindur sig ánægða með þessi landamerki og var til staðar settur fyrir myrákyrkju Arnór Hannesson Höfðaströnd

Staddir í Kjellíngarvík á Ströndum

Arnór Hannesson

⁷ Reykjarfjörður á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum. 8. janúar 1858. (Jarðaskjöl, A/16-97).

⁸ Reykjarfjörður á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum. 9. júlí 1878. (Jarðaskjöl, A/16-95).

 LÖGMENN SUDURLANDI

Rósinkar Arnason

Vagn Ebbenezerson handsalað

Jens Sigfússon handsal

Bæríng Vagnsson handsalað

Þorleifur Einarsson handsalað⁹

Landamerkjabréf Reykjarfjarðar á Ströndum er dags. 8. janúar 1892, þar sem merkjum er lýst:

Milli Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppi, svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni. Að austanverðu skilur Reykjarfjörður og Sæbólsland á, sem rennur frá fjalli til fjöru.¹⁰

Landamerkjabréf Sæbóls er dags. 8. janúar 1892, þar sem merkjum er lýst:

Milli Reykjarfjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austnverðu skilur Sæbóls og Skjaldbjarnarvíkurland klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsgnúp.¹¹

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, var Reykjarfjörður (með Kirkjuboli) metin 22 hndr. að dýrleika og eigandi hennar sé Benedikt Hermannsson, einnig er getið um landamerki. Í fasteignarmatinu segir nánar tiltekið:

28 Fyrirtekið að meta jorðina Reykjarfjörður nr 23 22 hndr. f.m (með Kirkjubóli)

Eigandi og ábúandi Benidikt Hermannsson

Lýsing jarðarinnar

[...]

II Jarðnytjar: Túnið talið 1 ½ ha, alt slett í góðri rækt. Töðufall 40 hestar

Útengi: Grasgefið, greiðfært, en votlent Heyfall 300 hestar

Beitiland: Sumarbeit ágæt og fjörubeit góð

III Önnur jarðargæði hlunnindi:

Viðarreki mikill, seldur árlega fyrir 50 krónur. Mótak og torfrista talið lítið Laugar nokkrar i landi jarðarinnar, sem nota má til þvotta

Selveisöi: 30 kópar árlega.

Æðarvarp í byrjun, dúntekja ¼ Kg.

V Ókostir

Sandfok á tún. Vatnsból vont

[...]

Landamerki:

Geirhólms gnúpur að sunnan, en Kerlingarvík að norðan.

Mat:

a. Jörðin 3600 Kr.

⁹ Reykjarfjörður á Ströndum, Þaralátursfjörður á Ströndum. 2. júlí 1878. (Jarðaskjöl, A/16-96).

¹⁰ Reykjarfjörður á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 226).

¹¹ Sæból á Ströndum. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1959, án bls., nr. 227).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

b mannvirki 100 –
c Jarðarhús 1300 –
Alls Krónur 5000 –
pt. Ísafirði, 8 des. 1917
[...].

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a.:

Austas á Ströndum, nálægt Geirhólmi, er Reykjafjörður, 12 Hdr., sem hvorki hefur tún né engjar, að búpeningur verði fóðraður, en hefur nokkurn útigang á nesi því, sem liggar norðanvert við fjörðinn.¹²

Í Grunnavík er Staður beneficium og hefur enga annexíu, en bænhús hafði forðum verið í Reykjarfirði, sem nefnt er Kirkjuból, og vita menn ekki, nær aflagzt hefur.¹³

Í örnefnaskrá fyrir Reykjarfjörð, skráðri af Jóhanni Hjaltasyni haustið 1937, hreinskrifuð 1938, eftir sögn Jakobs Kristjánssonar bónda í Reykjarfirði, segir eftifarandi:

Reykjarfjörður (1) er breiður, en stuttur og því líkari stórri vík en firði. Vestan að honum liggar langt og mjótt og fremur lágt nes, er heitir :aralátnesnes (2), en fjallið Geirhómur, Sigluvík og Sigluvíkurnúpur að suðaustan. Þaralátnesnesið tilheyrir mestallt Reykjarfirði. [...] Undirlendi mikið gengur inn af fjarðarbotninum, nálega inn að jökli, og fellur þar stór skiðjökull niður á láglendi. Undan skriðjöklinum kemur vatnsmikil jökulá, sem oft getur verið ill yfirferðar vegna vatnmagns og sandbleytu. [...]

[...] Eins og getið er í örnefnaskrá Þaralátsfjarðar eru landamerki á milli hans og Reykjarfjarðar innarlega á Þaralátnesni, norðan megin, þar sem að fornu hétu Kerlingardyr (3), en er nú í daglegu tali nefnt Miðgjóta (4). Niður af henni við sjóinn er svo nefnd Kerlingarvík (5), og Tjarnarnes (6) fyrir utan hana. [...]

[...] Þar sem nú er Sel kallað meina sumir, að fyrr á öldum hafi verið byggð nokkur eða býli, og þá heitið á Knýtilsstöðum (36) eða Knittilstöðum (37). [...]

Upp frá firðinum er vítt og allmikið undirlendi, eftir því sem gerist á Ströndum. Er dalurinn samnefndur firðinum, og nær láglendið alveg fram að skriðjökultanganum, sem fellur þar niður á milli hárra fjalla, en skýjum ofar gnæfir megninbunga Drangajökuls (63). Áin, sem fellur undan jöklinum nefnist Reykjarfjarðarós (64). [...]

[...] Þar fyrir framan er Hálsbunguhjalli (87) og Hálsbunga (88), sem er hátt klettahorn (388m) upp við jökulröndina. Er þá komið inn undir Drangajökul, sem eins og fyrr segir teygir þar jaðar sinn niður í dalbotninn. Allnokkru sunnar og vestar standa þrír klettatindar upp úr rönd aðaljöklisins, er það Hljóðabunga (89) nyrst, þá Reyðarbunga (90) og Hrolleifsborg (91) syðst. Reyðarbunga er lægst þesara þriggja fjallahnúka, enda eru ekki margir áratugir síðan hún koma undan jökli, og er því nafnið á henni ungt. [...]

Á láglendinu fyrir neðan skriðjökulinn er svo nefndur Jökulgarður (92), en suður af honum heitir Jökulhlíð (93) og Hálsbunguhlíð (94) norðan megin í dalnum, niður undan fjallinu Hálsbungu. Fyrir neðan Jökulhlíð er þverá (95), en síðan koma fjallatindar sem nefnast Hnúkar (96) og hátt og gróðursnautt klettafjall, sem heitir Miðmundahorn (97). Niður af Hnúkunum heitir Kötluhlíð (98), en um hana falla svo nefndar Fremriá (99) og Neðriá (100). Þar fyrir heiman eru Kirkjubólsholt (101), Kirkjubólseyri (102) og Kirkjubólseyrarsíki (103). Engjar, sem eru þar upp af nefnast Krikjubólssund (104), og síðan kemur sjálft hið forna Kirkjuból (105), þar sem byggð var fyrrum og jafnvel krikja eða hálf-kirkja. [...]

¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 160.

¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 161.

LÖGMENN SUÐURLANDI

Slægjur nokkrar, sem eru rétt fyrir utan fremri Ártunguána, eru nefndar Magnúsarbreiða (l 14) og niður af henni svo kallaður Sæbóslækur (115). Síðan kemur Fremra-Sæból (116) og Neðra-Sæból (117). Þar eru mjög greinilegar tóttir og byggingaleifar, enda er ekki mjög langt síðan þar var byggt ból. [...] Fyrir utan Ófæruna er einstakur standklettur, sem nefndur er Biskup (139). Er þá komið að hinum sæbratta og hömrum setta Geirólfssnúpi (140), sem er á sýslumótum N-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. [...]

Ath. Í jarðabók Á.M. segir m.a. svo: „Kirkjuból. Hefur í eyði legið 12 eða 13 ár. Bænhús eður krikja segja munnmæli hér hafi áður verið, og sé sá staður nú af brotinn og eyðilegður fyrir sjávargangi. Jarðardýrleiki 10 hndr., og svo tíundaðist meðan byggð var, hvað eð var um 10 ár, en áður þar fyrir langvarandi í tvö hundruð ár til að geta eður lengur var þessi jörð í auðn. Knyttelsstaðir eður Knippelsstaðir heitir eitt örnefni, sem liggur við Reykjarfjarðarós nærrí fram undir jökli. Þar er sagt að fornū hafi byggð verið, og sést þar enn deili til tóftarústa, en þó er þetta pláts mest allt af brotið og eyðilagt af nefndum Reykjarfjarðarós og má því ekki aftur byggja. NB. Ekki vita nálægir í hvörrar jarðar landi, Reykjarfjarðar eður Kirkjubóls þetta eyðiból liggur nú, því að ósinn, sá sem þetta eyðiból hefur af brotið, eru landamerki millum nefndra jarða. Sæból fornt eyðiból hér í landinu út við sjóinn. Þar sjást enn ljós merki til byggingaleifa af tóftarústum og garðaleifum, en hefur þó aldrei byggð verið það menn vita frá gamalli tíð, en landið brúkaði Kirkjuból meðan það var byggt.

Í örnefnaskrá fyrir Reykjarfjörð, skráðri af Guðfinni Jakobssyni í júní 1975, segir eftirfarandi:

Vestan að honum Reykjarfirði (1) liggur lágor og sléttur háls, sem heitir Reykjarfjarðarháls (2). Eggert Ólafsson, Ólafur Ólavíus og Þorvaldur Thoroddsen kalla fjallið Reykjarfjarðarheiði (3). Þar sem fjall þetta gengur lengst í sjó fram heitir Þaralátursnes (4).

Austan við Reykjarfjörð er fjallið Geirólfsgnúpur (5). Þar eru sýslumörk N.-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

Landamerki fyrir Reykjarfjörð á Ströndum:

Milli Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík og þaðan sjónhendingu upp í svokallaðar Kerlingardyr á fellsbrúninni. Að austanverður skilur Reykjarfjarðar- og Sæbólsland á, sem rennur frá fjalli til fjöru. [...]

Kerlingarvík (6), sem liggur svo sem miðja vegur frá Þaraláturfjarðarbotini til Þaralátursness. Landamerkjavarða (7), Kerlingadyr (8), öðru nafni Miðgjóta (9). [...]

[...] Rétt ofan við Hvítasand heitir Nestún (36). Þar var áður býli. Sá sem seinastur bjó þar, hét Hermann Ásgrímsson, d. 1866. Ekkja hans Helga Hannesdóttir frá Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi (hún var seinni kona Hermanns) bjó áfram með syni sínum Jóni Valgeir til ársins 1874.

Heim með sjónum, innan við Selklif, heitir Sel (77). Á korti herforingjaráðsins danska, merkt: Knittilsstaðir (78). Þar eru allmiklar húsatóftir, meðal annars fallegt tóft af nausti. [...] Þarna hefur fyrr um verið býli, og eftir útliti að dæma, meira en selstaða ein.

Í Jarðabók Á.M. er getið um eyðiból „Knittilsstaðir“ eða Knippilsstaði (80), sem staðið hafði upp við jökul. En engir menn, hvorki þá né síðar, hafa vitað deili á ummerkjum þar. Jarðabókin, skráð 1710 (vestur á stað í Grunnavík, eftir almúganstali), getur um, að tóttin hafi sést þar, en ekki sé ritað í hvorar jarðar landi, Kirkjubóls eður Reykjarfjarðar verið hafi. – Það kemur í ljós þegar maður hefur lesið þessa tilvitnuðu Jarðabók Á.M., að allar jarðir frá Geirólfsgnúpi vestur að Dynjanda í Jökulfjörðum höfðu þá legið í eyði frá því um börnuna 1707. – Þá er hægt að álykta sem svo, að stór hluti íbúanna hafi farizt í drepsóttinni, og þeir heimildarmenn, sem til náðist, hafi ekki verið gjörkunnugir staðháttum í Reykjarfirði. Það er ekki gott að ráða í, hvort nafnið hefur flutzt til eða verið á tveim býlum í sama firðinum. Þá líklega sitt á hvorum tíma.-

[...] Reykjarfjarðarós (205) kallast jökuláin allar götur frá jökli til sjávar. [...]

LOGMENN SUÐURLANDI

[...] Í nálægð við þetta svæði mun staðið hafa Neðrahorn (225). Það er nafn á eyðibýli, sem getið er í ferðabók Ólavíusar 1775. [...]

Jökulgarður (233) er stór gjóthryggur, sem liggur þvert yfir dalinn. Sórahorn (234) (venjulega nefnt Stórhorn). Það er fjallið ofan við Hvamm. Hér í námd hefur staðið býlið Fremrahorn (235), sem líka er getið hjá Ólavíusi.

[...] Hálsbunguhjalli (238) og Hálsbunga (239). Það er hæsta bunga á Reykjarfjarðarhálsi. [...] Jökulsporður (247) var skriðjökulinn hér ætið nefndur áður fyrr og víðþekktur sem hákarlamið, bæði frá Horni og Gjögri. Síðan 1930 að mælingar af skriðjöklum hófust að staðaldri, hefur hann verið nefndur Reykjarfjarðarjökull (248). Drangajökull (249) er tignarlegur að sjá heiman frá Reykjarfirði [...] Miðbik hans frá norðvestri til suðausturs mun vera hér fyrir botni Reykjarfjarðar. Þar upp úr bláhvítum jökulhvelinu gnæfa tveir fjalladrangar, topp myndaðir, sem heita Hljóðabunga (250) og Hrolleifsborg (251) (Hljóðabunga norðar og Hrolleifsborg sunnar).

Á millum þessara jökultrölla er klettaholtt, sem Baldur Sveinsson, blaðamaður gaf nafn og kallaði Reyðarbungu (252) (það var eftir aldamótin 1900)

Hálendishryggur liggur frá Hrolleifsborg í stefnu austnorðaustur og nefnist Hrolleifsborgarháls (253). Niður með jökulsporðinu að sunnanverðu er allbrött hlíð og gróðurlaus. Kallast hún Jökulhlíð (254). [...] Það mun hafa verið á árunum 1935-36, að mikil hreyfing var í jökulsporðinum og hann skreið niður um nokkur hundruð metra. Þá skiptist jökulán og kom í tveim kvíslum undan jökulfaldinum. Önnur áin, sú syðri, kom undan langt uppi í hlíð og rann meðfram jöklum á svo sem km kafla. [...]

Síðan þetta gerðist hefur mikil land komið undan jöklum á þessum slóðum. Tvær jökulár renna nú meðfram hlíðum, sitt hvoru megin við bungumyndað landslag. Þar er einn brattur hjalli, sem nú heitir Breiðaborg (255). Brúná (256) heitir syðri áin. [...]

Árið 1963 komu í dagsins ljós tveir fossar. Þeir fyrstu sem sést höfðu í jökulánni, en þá rann þar í einni kvísl. (Brúnarfoss var þá ekki kominn undan). Stutt er á millum fossa þessara, er nú heita Bræðurnir (258). Þverá (259) heitir bergvatnsá eða lækur, sem rennur niður frá Hrolleifsborgarhálsi. Þveráhlíð (260) kallast landið upp með ánni. Þetta er að sjálfsögðu sunnan við jökulána.

Hnúkar (261) heita örnefni utan við Þverá, upp við brúnir, þar heitir líka Öxl (262). Miðmundarhorn (263) – það er hæsta fjallið þarma að sunnanverðu. Landið niður með jökulánni kallast Hraun, eins og hinsvegar á móti, sem áður er getið. Fyrir (utan) neðan við, eins og sagt var, Hraunin, eru fremstu slægjulönd í Reykjarfirði og kallast Kötluhlíð (264).

[...] Einhvers staðar í námund við Kötluhlíð hafa staðið Knippilsstaðir (270), þeir sem Jarðabók Á.M. getur um 1710. Þar er sagt upp við jökul eða nærrí fram undir jöklum, að fornu hafi byggð verið.

Niður með jökulánni, á móts við Litlahorn, heitir Krikjubólseyri (271). Þar um rennur lækur frá Kötluhlíð og kallast Krikjubólseyrarsíki (272). Þar ofar Kirkjubólseyrarholt (273). Á þessu holti stendur varða síðan á landmælinga tíma.

[...] Lengra niður með ánni er svo eyðibýlið Kirkjuból (275).

Þegar Þorvaldur Thoroddssen kom í Reykjarfjörð 1886, hafði hann tal af gamalli konu, sem áður átti heima á Kirkjubóli. Það gefur efni til að álykta, að búið hafi verið þar af og til fram yfir 1800. [...]

Fossdalsheiði (291) heitir fjallvegurinn á milli Reykjarfjarðar og Bjarnarfjarðar nyrðri. Á þessu fjalli eru sýslumörkin. Í sóknarlýsingum 1840 er það skrað Fossárdalsheiði.

[...] Sæból (306) heitir eyðibýli undir brattra fjallshlíð fyrir neðan Ártungur. Sá bær lagðist í eyði árið 1885. Síðastur bóndi á Sæbóli mun hafa verið Jakob Hagalinsson (í eitt ár) seinna bóndi á Höfðaströnd í Jökulfjörðum. [...]

LOGMENN SUÐURLANDI

Í Jarðabók Árna Magnússonar segir á bls. 316, utanmáls hefur Á.M. bætt við: „Sæból þettta liggur í Sigluvík, strax vestan undir Geirhólmi.“ [...] Sigluvíkurnúpur (331). Það er fjallið upp af Sigluvík. Þar efst uppi heitir Núpskjölur (332) og Dagnálahæð (333) [...]

Efst á núpnum, Stóritindur (343), Skál (344) og Ytritindur (345). Allra yzt heitir Bolli (346). Út með sjónum, nokkuð langan spöl fyrir utan Bólklett, er [...] og Biskup (356)

Landamerki fyrir Sæból á Ströndum: Milli Reykjarfjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austanverðu skilur Sæbóls- og Skjaldarbjarnarvíkurland klettur, sem er nefndur Biskup og stendur undir Geirólfsgnúpi [...].

Guðfinnur Jakobsson gerði nokkrar athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá sína, en þar segir:

[...] Nú vill þó svo til, að það er hólmi undir Gerólfsgnúpi og hefur alltaf verið. [...] Sker þetta sést vel heiman frá þeim í Reykjarfirð og hefur verið nefnt Biskup (356). En Biskup (359) er annars staðar. Hann er ekki umflotinn, heldur áfastur meginfjallinu, þar sem það skagar lengst til norðausturs. Smáskarð skilur hann frá bergen.

Myndin er skýrust norðan frá að sjá. Líkist þá hempuklæddum manni með háls og herðar og hendur framan á maga. [...] Það eru ekki nema 25 ár, síðan ég uppgvötaði þennan klett sem slíkan, en engum, sem sér, blandast hugur um, að þar er hinn raunverulegi Biskup. [...]

Guðrún S. Magnúsdóttir gerði viðbót við örnefnaskrá Guðfinns Jakobssonar, dags. 20 mars 1989, en þar segir:

Bak við Breiðuborg (255) er nú komið meira land undan jökli. [...] Brekka, sem snýr að honum, þrengir að og verður til þess, að neðsti endi skriðjökulsins leitar fremur til norðari hlíð dalsins, þ.e.a.s. Hábunguhlíð (244). Jóhannes, bróðir Guðfinns, hefur nefnt brekkuna, sem stendur þannig fyrir jöklinum, Þverspyrnu (361). Það örnefni er nú notað.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er þegar liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórmarkrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagi nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðenda minna byggir á Landnámabók, máldögum, afsö lum, jarðamati, örnefnaskrám og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Reykjarfjörð, Kirkjuból og Sæból á Ströndum** sem vísað er hér til. Einnig er vísað til eftirsandi þinglýstra landamerkjabréfa sem ofangreind kröfulýsing byggir á; landamerkjabréf fyrir Reykjarfjörð á Ströndum, innkomið til þinglesturs 6. september 1892, innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu og landamerkjabréf fyrir Sæból á Ströndum, innkomið til þinglesturs 6. september 1892, innfært í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu.

Á því er byggt að jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í mali 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um Reykjarfjörð stendur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að jörðin sé 12 hundruð að dýrleika og að eigandi sé Sæmundur Magnússon að Hóli í Bolungarvík. Einnig kemur fram í Jarðabók

LÖGMENN SUÐURLANDI

Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að eyðijörðin Kirkjuból, sé metin 10 hdr. að dýrleika. Þá er getið um fornbýlið Knyttsstaði eða Knippelsstaði sem liggur við Reykjarfjarðarós nærrí fram undir jökli. Þar segir jafnframt að ekki sé vitað hvort fornbýlið sé í landi Reykjarfjarðar eða Kirkjubóls, því að ósinn (Reykjarfjarðarós), sá sem þetta eyðiból hefur af brotið, eru landamerki millum nefndra jarða (Reykjarfjarðar og Kirkjubóls). Enn fremur er getið um Sæból, fornt eyðiból, sem brúkað var af Kirkjubóli meðan þar var byggð.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 segir að Reykjarfjörður sé 12 hundruð að dýrleika og sé í bændaeign. Í jarðamatinu 1804 segir svo um Kirkjuból að hún sé metin 10 hdr. að dýrleika og sé í bændaeign. Jafnframt kemur fram að Kirkjuból hafi um nokkra ára skeið verið óbyggð og brúkuð frá Reykjarfirði. **Ennfremur er getið um eyðijarðirnar Knyttsstaði og Sæból, og segir að sú fyrri sé sameinuð Reykjarfirði en seinni Kirkjubóli.**

Í jarðatali Johnsens að Reykjarfjörður sé metin 12 hdr. að dýrleika og sé í beneficium. Einnig er getið í jarðatali Johnsens um Kirkjuból, sem sýslumaður segir „*bingeyra klausturs eign*“ og nú (1845) í eyði. Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, var Reykjarfjörður (með Kirkjuboli) metin 22 hndr. að dýrleika og tiltekið að eigandi hennar væri Benedikt Hermannsson, einnig er getið um landamerki. **Af lýsingum í fasteignamatinu má ráða að Kirkjuból hafi þarna verið komið undir jörðina Reykjarfjörð.**

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Reykjarfirði, sem Sæból tilheyrir nú.**

Samkvæmt ofangreindum heimildum hafa umbjóðendur mírir óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, allt frá fjöru til fjalls/jöklus allt á vatanskil. Engir almenningar eða afréttir eru á svæðinu, heldur er allt kröfusvæðið háð beinum eignarrétti jarðeigenda og hefir svo verið frá alda öðli.

Eignarrétturinn hefur verið viðurkenndur af öllum aðilum, bæði sveitarfélögum, og ríki og aldrei verið dreginn í efa fyrr. Eigendur hafa getað bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta og erfðafjárskatt.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerkja, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum **Reykjarfjarðar og Sæbóls**, þá sé ljóst að sé hún löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðenda minna verið þinglýst athugasemdaleast.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarþyrði fyrir því að umrætt land umbjóðenda minna sé ekki fullkominn eign þeirra.

Meðfylgjandi er uppráttur af landamerkjum jarðarinnar unninn af Guðbjörgu Guðmundsdóttur Landslagsarkitekt, í samræmi við landamerkjalýsingu jarðarinnar og aðrar merkjalýsingar í örnefnaskrám og með vísan til landamerkja aðliggjandi jarða.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnaðarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnaðarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugeroð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Reykjarfjörður ásamt Sæbóli** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnist **Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðanna, er hafnað og þess krafist að innan landamerkjá jarðanna sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpíð beinum eignarrétti. Landamerki **Reykjarfjarðar ásamt Sæbóli** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum. Engir almenningar og afréttir eru á svæðinu og nýting og búseta bendir til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum.

Ekkert bendir til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðanna er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpíð beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Þessu svæði hefur ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendir til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Umbjóðendur mírir telja að íslenska ríkið hafi með kröfum sínum, sem tekur til alls landssvæðis Reykjarfarðar ásamt Sæbóli, ekki gætt meðahófsreglu eða rannsóknareglu stjórnsýslulaga. Krafan tekur til alls landsvæðis jarðarinnar, án þess að þar sé að finna sérstaka ástæður fyrir svo íþyngjandi kröfugeroð af hálfu ríkisins. Raunar er það óskiljanlegt, enda segir orðrétt í kröfulýsingunni: „*Landamerkjabréfer eru til fyrir Reykjavík og Sæból en merkin eru þrátt fyrir það óskýr og ekki með góðu móti hægt að miða við þekkta punkta, hæðarlinur, gróðurfar eða landslag til að miða þau við.*“

Í þessu sambandi vilja umbjóðendur mírir sérstaklega benda á að í landamerkjabréfi fyrir Reykjarfjörð segir að landamerki milli Reykjarfjarðar og Þaralátursfjarðar séu; „*varða, sem stendur i miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppi, svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni.*“ Þá segir í landamerkjabréfi fyrir Sæból að landamerki milli Sæbóls og Skjaldbjarnarvíkurlands séu; „*klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsgnúp.*“ Þá segir í báðum bréfunum að landamerki milli Reykjarfjarðar og Sæbóls séu; „*á, sem rennur frá fjalli til fjöru.*“ Hér er um augljós kennileiti að ræða, og hefði íslenska ríkinu mátt vera það ljóst að innan þessara merkja væru landamerki jarðanna. Umbjóðendur mírir telja einnig rétt að áréttu hér að á sú sem nefnd er í landamerkjabréfum jarðanna er áin Reykjarfjarðarós, sem á upptök sín í jöklinum. Þetta er m.a. ljóst af því sem fram kemur í Jarðabók Árna og Páls þar sem segir að landamerki milli Reykjarfjarðar og Kirkjubóls (Sæbóls) sé umrædd á, Reykjarfjarðarós. Vert er hér að ítreka það sem kemur fram í jarðamatinu 1804, að Kirkjuból sé brúkuð frá Reykjarfirði og sé sameinuð Sæbóli. Af þessu telja umbjóðendur mírir jafnframt ljóst að landamerkjabréf Sæbóls lýsi jafnframt landamerkjum Kirkjubóls.

Rétt er að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði eru almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkast tíðast af fjallgörðunum í kring og þar tekur næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miða skýrlega við slík merki, og á það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsa merkjum Bjarnarness. Telja landeigendur rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt, sbr. uppdráttur sá sem lagður er fram með kröfulýsingu þessari.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Landeigendur telja þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt er á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað er við hvert regndropi fellur, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í málí 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigendur áréttu að almennt er miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Einnig má benda á að sýslumörk N-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu liggja eftir vatnaskilum á Fossdalsheiði eða Fossárdalsheiði og í Geirólfsgnúp og þar í sjó fram, sem umbjóðendur mínir telja jafnframt á landamerkjum Reykjarfjarðar og Sæbóls um aldir.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smölun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Uppdráttur af landamerkjum jarðarinnar ásamt hornpunktaskrá
3. Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar fyrir Reykjarfjörð frá 1937
4. Örnefnaskrá Guðfinns Jakobssonar fyrir Reykjarfjörð frá 1975
5. Athugasemdir og viðbætur Guðfinns Jakobssonar við örnefnaskrá hans fyrir Reykjarfjörð frá 1975
6. Viðbót við örnefnaskrá Guðfinns Jakobssonar fyrir Reykjarfjörð, dags. 20. mars 1989
7. Þinglýsingarvottorð
8. Fasteignamatsvottorð
9. Umboð

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðendur mínir áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 22. 03 2021


Ólafur Björnsson, hrnl.

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2021

K R Ö F U L Ý S I N G

Orkubús Vestfjarða í máli um þjóðlendumörk í Ísafjarðarsýslu, svæði 10B.

Orkubú Vestfjarða sendi Óbyggðanefnd sameiginlega kröfugerð fyrir svæði 10B og svæði 10C hinn 4. janúar 2021.

Óbyggðanefnd sendi undirrituðum bréf dags. 12. janúar 2021 og benti á að málsmeðferð nefndarinnar á svæði 10C væri lokið og óskaði eftir því að kröfugerð varðandi það svæði og svæði 10B verði aðskilin.

Með vísan til framangreinds og tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendana og afréttu nr. 58/1998 er hér með lýst neðangreindri kröfu.

Krafan varðar eignarrétt Orkubús Vestfjarða til virkjunar alls vatnsafls, jarðrita, fallvatns, í tilteknum þjóðlendum í Ísafjarðarsýslu, svæði 10B, auk beinna og óbeinna eignarréttinda félagsins á landréttindum undir línustæði vegna virkjana og veitukerfis félagsins í þjóðlendum á sama svæði.

Kröfulýsing þessi er til viðbótar kröfulýsingu Orkubús Vestfjarða á svæði 10B sem send var óbyggðanefnd með bréfi dags. 1. mars 2021 vegna jarðanna Hjallkárseyrar, Rauðastaða og Borgar.

MÁLSAÐILI

Orkubú Vestfjarða ohf., kt. 660877-0299, Stakknesi 1, Ísafirði, á aðild að máli þessu, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 58/1998.

Stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða er Illugi Gunnarsson og orkubússtjóri er Elías Jónatansson.

FYRIRSVAR

Lögmaður Orkubús Vestfjarða í þessu máli er Jónas A. Aðalsteinsson, hrl. jaa@lex.is, LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, sbr. hjálagt umboð dags. 17. febrúar 2021.

NÁNAR UM ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Orkubú Vestfjarða var sett á fót með lögum nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða. Samkvæmt 2. gr. laganna skyldi tilgangur félagsins vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þætti. Skyldi félagið eiga og reka vatnsorkuver og dieselraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Jafnframt skyldi það eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakynndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Samkvæmt 3. gr. laganna var félagið sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum og skyldi eignarhluti ríkissjóðs vera 40% en eignarhlutir sveitarfélaganna skyldu nema samtals 60% og skiptast innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Í 9. gr. laganna var jafnframt ákveðið að leggja skyldi fyrir aðalfund ár hvert skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sveitarfélaganna og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður.

Í 5. gr. laganna var kveðið á um stofnframlög eigenda félagsins og var ákveðið að Rafmagnsveitir ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitir sveitarfélaga á Vestfjörðum skyldu afhenda Orkubú Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna voru eftirtaldar eignir í Ísafjarðarsýslum framseldar Orkubú Vestfjarða til eignar.

Nr. og dagsetning	Framseljandi	Eignir samkvæmt samningi
1. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Mjólkárvirkjun I og II
2. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Borg í Auðkúluhreppi
3. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Rauðstaðir í Auðkúluhreppi
4. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð á Þingeyri ásamt fasteignum
5. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og tilheyrandi rafkerfi á Suðureyri
6. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og rafkerfi í Bolungarvík
7. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi í Súðavík
8. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi á Flateyri
9. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Sælu- og fjallahús á Vestfjörðum: Rauðkoll Klofningsheiði Hrafnseyrarheiði Tröllatunguheiði
10. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	<u>Eftirtaldar aðveitustöðvar:</u> Króksfjarðarnesi Mikladal Norður-Botn Tálknafirði

		Bíldudal
		Hrafnseyri
		Þingeyri
		Ísafirði
11. 1982, 09.11	Iönaðarráðherra	<u>Aðveitustöð að Mjólká og Geiradal</u>
12. 1978, 01.12	Ísafjarðarbær	Rafveita Ísafjarðar, Nónhornsvirkjun og Fossavirkjun ásamt öllu tilheyrandi og borholum í Tungudal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
13. 1978, 02.12	Bolungarvík	Borholur í landi Gils og Hanhóls í Syðridal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“
14. 1980, 24.06	Reykjafjarðarhreppur og Ögurhreppur	Rafveita Reykjafjarðar- og Ögurhrepps og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða rafveitan á eða kunna að eiga í löndum hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
15. 1980, 08.02	Snæfjallahreppur og Nauteyrahreppur	Mýrarársvirkjun og Blævarársvirkjun og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða Rafveita Snæfjalla eiga eða kunna að eiga í löndum

16. 1993,30.04

Suðureyrarhreppur

hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og hrepparnir kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.

Hitaveita Suðureyrar
og

„öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem Suðureyrarhreppur eða Hitaveita Suðureyrar á eða kann að eiga í löndum sveitarfélagsins, hitaveitunnar eða annars staðar og sveitarfélagið kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“

Félagið hóf formlega starfsemi sína 1. janúar 1978.

Með lögum nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða var ríkisstjórninni heimilað að standa að stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða og leggja til hlutafélagsins hlut ríkisins í sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða. Það gekk eftir og var félagið stofnað í júní 2001 með efnislega óbreyttum tilgangi.

Samkvæmt stofnsamningi félagsins 1. júní 2001 voru stofnendur þess, ríkissjóður, Ísafjarðarbær, Vesturbýggð, Bolungavíkurkaupstaður, Hólmavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Árneshreppur og Kirkjubólshreppur.

Síðla árs 2001 náðist samkomulag milli ríkisins og allra annarra hluthafa þess, allra sveitarfélaganna, um að ríkið keypti alla hluti þeirra í félaginu. Enda þótt félagið væri þá orðið 100% í eigu ríkisins var tilgangur rekstrar þess sá sami og áður og sveitarstjórnirnar tilnefna menn í stjórn þess áfram. Stjórnarformaður er þó tilnefndur af ráðherra.

Við gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 var rekstur Orkubús Vestfjarða aðlagaður að regluverki þeirra laga. Þau lög hafa ekki nein áhrif á álitaefni þessa máls.

MÁLAVEXTIR

Í dag rekur fyrirtækið eftirtaldar virkjanir: Mjólkárvirkjun I, II og III, Þverárvirkjun, Nónvirkjun, Fossárvirkjun, Tungudalsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Mýrarárvirkjun og Blævardalsárvirkjun. Orkan er síðan flutt frá þessum virkjunum og dreift um alla Vestfirði um veitukerfi félagsins.

Félagið á allt orkuflutningskerfi félagsins og einnig beinan eignarrétt þeirra landréttinda sem það kerfi er byggt á, sbr. 21. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þau landréttindi hefur félagið ýmist fengið sem stofnframlög eða fengið þau við kaup á þeim landréttindum af þeim jarðeigendum sem áttu þau áður. Félagið á auk þess beinan eignarrétt til þeirra landréttinda sem falla undir helgunarsvæði meðfram orkuflutningskerfinu samkvæmt lögum um það efni, reglugerð nr. 586/2004 og íslenskra staðla um það efni. Féligið á auk þess beinan eignarrétt til helgunarsvæða meðfram aðveitukerfi félagsins, allt samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Félagið á auk þess allan rétt til virkjunar vatnsafls, jarðrita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög og orkuvirkjanir þeirra áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum gögnum.

Orkubú Vestfjarða á allar þær fasteignir og landréttindi sem lýst er í framangreindum afsöлum ríkisins og sveitarfélaganna til félagsins.

Meðfylgjandi eru til glöggvunar á umfangi framgreindrar starfsemi og virkra réttinda félagsins á Vestfjörðum öllum eru meðfylgjandi yfirlitskort og uppdrættir af staðsetningu virkjana og aðveitulagna að þeim á skjali nr. 17.

Staðsetning framangreindra réttinda Orkubús Vestfjarða í þjóðlendum samkvæmt kröfugerð ríkisins á svæði 10B – Ísafjarðarsýslum hefur verið dregin á kortagrunn óbyggðanefndar hjá Landform ehf. og koma þar fram. Nánari grein verður gerð fyrir þeim í eftirfarandi kröfugerð.

KRÖFUGERÐ

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða ohf. er sett fram á grundvelli ákvæða 9. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 10. gr.

Ef skilja ber kröfugerð ríkisins um þjóðlendur á svæði 10B þannig að ríkið eigi þau landréttindi innan þeirra þjó�lendra sem eru eign Orkubús Vestfjarða ohf. er þeirri kröfugerð ríkisins andmælt.

Orkubú Vestfjarða gerir kröfu um beinan eignarrétt félagsins á eftirtöldum eignum innan þjóðlendra á hinum auglýstu landsvæðum 10B.

1. Eignarétt lands undir Súðavíkurlínu, Rauðkolli, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8, lands undir Ingjaldssandslínu 1, Klúkuheiði, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8 og lands undir Þingeyrarlínu á Hrafnseyrarheiði, sem einnig er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8. Öll þessi línustæði koma fram á meðfylgjandi uppdráttum óbyggðanefndar, vinnukorti nr. 18.
2. Rétt til virkjunar alls vatnsafls, fallvatns, Mýrarárvirkjunar, Fossvirkjunar, Nónhornsvirkjunar, Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar, Blævardalsvirkjunar, væntanlegrar Hafnardalsárvirkjunar, Mjólkárvirkjunar, Mjólká VI – vatnasviði Skötufjarðar og væntanlegrar Tröllárvirkjunar – vatnasviði Vattarfirði og Ísafirði, almenningum Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði, vatnasviði milli Hafnardalsár og Þverár, innan þjóðlendra á svæði 10B, samkvæmt skjali 17 og uppdrætti óbyggðanefndar.
3. Eignarétt allra landréttinda undir aðveitukerfi Orkubús Vestfjarða frá vatnakerfi Orkubúsins samkvæmt 2. kröfulið hér að framan að Mýrarárvirkjun, Fossárvirkjun, Nónhornsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Tungudalsvirkjun, Blævardalsvirkjun, væntanlegri Hafnardalsárvirkjun, Mólkárvirkjun, Mjólkárvirkjun VI og væntanlegri Tröllárvirkjun auk réttar til að veita vatni frá þeim virkjunum til sjávar.

MÁLSKOSTNAÐARKRAFA

Orkubú Vestfjarða krefst þes að Óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Samkvæmt framangreindum skjölum nr. 1 til 11 framseldi ríkið þargreindar eignir ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins til Orkubús Vestfjarða upphaflega sem stofnframlag til félagsins. Samkvæmt skjölum nr. 12 til 16 afhentu þargreind sveitarfélög á sama hátt þær eignir sem koma fram í þeim afsölum til Orkubús Vestfjarða, einnig sem stofnframlög sveitarfélaganna í félagini. Sumum þessara gagna er þinglýst en ekki öllum.

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða um eignarrétt að umkröfðum landréttindum í þjóðlendum í máli þessu er óumdeildur eftir því sem best er vitað.

Orkubú Vestfjarða hefur auk þess keypt ýmis jarðarhlunnindi frá stofnun félagsins til dagsins í dag, jafnvel fengið hlunnindi gefins.

Áskilinn er réttur til að gera ítarlegri grein fyrir hinum umkröfðu réttindum ef þurfa þykir við framhald meðferðar málssins fyrir nefndinni.

Til stuðnings kröfum sínum vísar OV til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar félagið til almrennra meginreglna íslensks eignaréttar. Enn fremur er vísað til ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923 og til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendra og afréttu nr. 58/1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

DÓMAR UM EIGNARRÉTT ORKUBÚS VESTFJARÐA OHF. AÐ HLUNNINDUM JARDÁ Á SVÆÐUNUM.

Réttur OV til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum samningum hefur komið til úrlausnar fyrir dómi. Úr því álitaefni var skorið með dómi Landsréttar nr. 334/2019 í máli Ísafjarðarbæjar gegn Orkubú Vestfjarða hinn 21. febrúar 2020, þar sem segir orörétt í dómSORði: „Viðurkennt er að allur réttur til virkjunar vatnsafls, fallvatns, í Úlfsá í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ, sé eign stefnda“.

Ákveðið álitaefni varðandi jarðitaréttindi Orkubúsins kom upp í framhaldi af framsali Suðureyrarrepps á Hitaveitu Suðureyrar til Orkubús Vestfjarða hinn 30 apríl 1993. Félagið GKP ehf. stefndi Orkubú Vestfjarða hinn 5. nóvember 2014 til að þola að eignar- og nýtingarrétttur jarðhita í Laugum á Súgandafirði tilheyroi þeiri jörð á grundvelli þess að Suðureyrarreppi hefði verið óheimilt að undanskilja jarðitaréttindin við sölu jarðarinnar á árinu 1944 þar eð samþykkis ráðherra hefði ekki legið fyrir samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 98/1940.

Orkubú Vestfjarða var sýknað í héraði af þeim kröfum hinn 29. júní 2015 og var sá dómur staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 2. júní 2016, HRD 643/2015.

Fordæmisgildi beggja þessara dóma er ótvíraett.

FRAMLÖGÐ SKJÖL

Framangreind skjöl nr. 1 til 18.

ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Orkubú Vestfjarða áskilur sér rétt til að leggja fram frekari kröfur og gögn á síðari stigum málsins. Þá áskilur félagið sér rétt til að gera nánari grein fyrir framlögðum kröfum og gögnum í greinargerð og á síðari stigum málsiins. Félagið áskilur sér einnig rétt til að breyta kröfugerð sinni undir rekstri málsins.

Orkubú Vestfjarða væntir þess að óbyggðanefnd afli sjálf ítarlegri heimilda og gagna um mál þetta eftir því sem nefndin telur þörf á.

F. h. Orkubús Vestfjarða



Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.

Hjálagt.

Umboð, dags. 17. febrúar 2021.

Sköl nr. 1 til 18.

